



Launabreytingar

Bls. 4

Alveg yndislegt

Bls. 6

Strax hugfangin

Bls. 10

Tími til framkvæmda

Bls. 20

Dálítið óþekkir

Bls. 24

Æðislega skemmtilegt

Bls. 52



PHOTO: JONAS H. JONSSON/STUDIO HJONN

HIMNESK STUND

Velkomin í sund



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Elva Tryggvadóttir
Fjóla Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hildur Kjartansdóttir
Hjálmfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Viktória Jensdóttir
Þórdís Andriksdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elin Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjófsón

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hæfir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Aðsetur

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu-
dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikn-
ing viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendar: 510 7511

Látum verkin tala

Á undanförunum mánuðum hefur fjöldi atvinnulausra aukist dag frá degi á höfuðborgarsvæðinu. Allar spár gera ráð fyrir samdrætti í atvinnu framundan. Ljóst er því að atvinnuleysi á enn eftir að aukast á næstunni ef ekkert er að gert. Fyrirtæki eru að segja upp fjölda starfsmanna í hverri einustu viku. Þegar þetta er ritað um áramót eru um 800 félagsmenn Eflingar atvinnulausir.

Efling-stéttarfélag telur mikilvægt að snúa af þessari braut. Ríkisvald og sveitarstjórnir eiga að nú að yta við hjólum atvinnulífsins.

Ljóst er að margfeldisáhrif uppsagna munu koma fram af auknum þunga á næstunni. Reynslan kennir okkur að mun erfiðara er að grípa til árangursríkra aðgerða þegar lágt atvinnustig nær tökum á efnahagslífinu.

Engin stór verkefni í byggingariðnaði eða stórframkvæmdum liggja fyrir á höfuðborgarsvæðinu um þessar mundir.

Efling-stéttarfélag telur brýnt að undirbúa nú þegar framkvæmdir við gatnamót Kringlumýrabrautar og Miklubrautar. Um 80.000 bílar fara um gatnamótin á sólalring. Þessi framkvæmd eykur umferðaröryggi gífurlega. En framkvæmdin er einnig mjög þjóðhagslega arðbær. Samhliða því verði farið að vinna að undirbúningi Sundabrautar sem beðið er eftir.

Efling-stéttarfélag hvetur stjórnvöld til að yta nú duglega við hjólum atvinnulífsins og setja kraft í undirbúning og vinnu við þessar framkvæmdir. Með því móti er hægt að vinna gegn vaxandi atvinnuleysi, sem mun ef ekkert er að gert bitna enn frekar á fjölmörgum fjölskyldum og atvinnulífinu á höfuðborgarsvæðinu um langan tíma.

Ný tækifæri félagsmanna erlendis

Í þessu fréttablaði Eflingar kemur fram að starfskynning félagsmanna Eflingar erlendis er að verða að veruleika. Efling átti frumkvæði að því að sækja um styrk til Leonardó áætlunar Evrópusambandsins um kynnisferðir fyrir starfsmenn og fékk nokkur fyrirtæki á félagssvæði okkar til samstarfs.

Fyrsti hópurinn mun fara í kynnisferð til Noregs nú í byrjun febrúar og í kjölfarið munu félagsmenn okkar frá Vélamiðstöð Reykjavíkur, Hrafnistu, Skógarbæ og Félagsþjónustu Reykjavíkur fara til Svíðjóðar og Danmerkur í kynnisferðir.

Námskynningar félagsmanna til systurfyrirtækja erlendis eru nýlunda í starfi okkar og vonandi komnar til að vera. Með þessu gefst Eflingarfélögum ómetanlegt tækifæri til þess að auka viðsýni, þekkingu og hæfni sína í starfi sem án efa mun nýtast þeim bæði í starfi og persónulega.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar

EFNISYFIRLIT

Launabreytingar	4	Stórhækkun námstyrkja	34
Ljósmynd sem varð að lifandi konu	6	Félagsleg námskeið	36
Fátækt og óréttlæti	14	Starfstengd námskeið	37
Sjúkrasjóðir	18	Lærðu á tölvu	38
Námsráðgjöf	19	Efling í alþjóðlegu samstarfi	40
Atvinnumál	20	Starfsmannaskipti	42
Mótmælir hækkun tryggingafélaganna	21	Punglyndi	44
Gaman og alvara	22	Eigendaskipti	46
Óþekkir hjá Samsölunni	24	Landnemaskólinn	48
Grund sótt heim	29	Við höfnina	54
Blóðrautt sólarlag	30	Náðu markinu	57
Þáskauðhlutun	31		

Samningar við Reykjavíkurborg

Nýju starfs- og hæfnislaunakerfi frestað

Efling - stéttarfélag, Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar annars vegar og samninganefnd Reykjavíkurborgar hins vegar hafa komið sér saman um eftirfarandi meginatriði vegna framkvæmdar á nýju launakerfi samkvæmt kjarasamningum:

Gildistaka á nýju starfs- og hæfnislaunakerfi verður óbreytt miðað við 1. desember 2002.

Aðilar munu á vettvangi verkefnisstjórnar um starfsmat knýja á um verklok á forprófunum á nýju starfsmatskerfi fyrri hluta 2003 og ákveða þá hvenær starfsmati á öllum störfum félagsmanna verði lokið.

Reykjavíkurborg mun leggja starfsmatsverkefninu til viðbótarstarfsmenn að afloknum forprófunum til að hraða starfsmati á öllum störfum.

Aðilar munu strax hefja störf í starfsmatsnefnd en þar biða mörg mikilvæg verkefni úrlausnar.

Vegna frestunar á innleiðingu nýs launakerfis hafa samningsaðilar komið sér saman um að flýta til 1. desember 2002 gildistöku á 3% áfangahækkun samkvæmt kjarasamningum sem taka átti gildi 1. janúar 2003.

Launabreytingar um áramót

Samningsbundnar launa-, kjarasamnings- og réttindabreytingar 1. jan 2003 eru eftirfarandi:

Launabreytingar um áramót 2002-2003

Kjarasamningar	Hækkun launa og kjaratengdra liða
Efling og Samtök atvinnulífsins	3,15% - athugið að sérstök hækkun kemur á kaup-taxta undir kr. 102.564.-
Efling og SA vegna ræstinga	3,914%
Efling og Reykjavíkurborg (Sjá samkomulag aðila um frestun á gildistöku starfsmats og hæfnislauna)	3% frá 1. des 2002
Efling og Ríki	0,4% til viðbótar við launatöflu
Efling og Ríki vegna ræstinga	0,4% til viðbótar umsömdum töxtum
Efling og Kópavogur/Seltjarnarnes	0,4% til viðbótar við launatöflu
Efling og sjálfseignarstofnanir /hjúkrunarheimili	0,4% til viðbótar við launatöflu

Samningar Eflingar og Samtaka atvinnulífsins

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf frá 1. janúar 2003 skulu vera kr. 91.000.-

Launataxtar undir 102.564 taka sérstakri umframhækkun samkvæmt reiknitöflu kjarasamnings.

Samningar Eflingar og ríkisins

1% viðbótarframlag í séreignarsjóð

Fatapeningar hækka um 3,15%

Fæðingarorlof 1. janúar 2003

Síðasti áfangi í lengingu fæðingarorlofs kemur til framkvæmda nú 1. janúar 2003, þá lengist fæðingarorlof í 9 mánuði (móðir 3 mánuðir, faðir 3 mánuðir og 3 mánuðir sameiginlegur réttur)

Himneskt bragð jarðnesk hollusta

Það sem gerir Húsavíkurljógið svona
góða er að hún er **hrein**
náttúruvafurð án allra aukaefta.

Á markaðnum eru margar
bragðtegundir af Húsavíkurljógið og
ættu þvi allir að finna einhverja við
sitt hæfi. Hún er eina ljógið á
markaðnum í 1/2 l fernum,
Fernumar hafa nú fengið nýtt útlit.

Almenningur gerir sér æ ljósari grein
fyrir mikilvægi hollrar og næringrar-
ríkrar fæðu í uppbyggingu líkamans.
Húsavíkurljógið er góður valkostur
í heilbrigðum lífsstíl.



NÝJAR UMBÚÐIR

HÚSAVÍKUR
Jógið



Ljósmyndin sem varð að lifandi konu

Alveg yndislegt

- segir Jóhanna Guðrún Kjartansdóttir

Jóhanna með síðasta Eflingarblað sem kom fjölskyldunni skemmtilega á óvart

Jóhanna Guðrún Kjartansdóttir, vinnur í mótuneyti í aðalstöðvum Ríkisútvarpsins í Efstaleiti. Hún hafði samband við blaðið og sagði að hún hefði verið að skoða Fréttablað Eflingar sem kom út í nóvember og séð ljósmynd af Bröggum við Elliðaárnar 1952. Myndin var úr safni Dagsbrúnar og sýndi börn að leik framan við braggana. Mér brá svolítið fyrst en svo fannst mér þetta alveg yndislegt.



Jú, myndin var af mér og og bræðrum mínum að leik fyrir utan bragga, sem við bjuggum í inn við Elliðarár fyrir tæpum 50 árum. Það vaknaði strax sú hugsun hjá mér hvort ég gæti eignast eintak af myndinni.

Pegar hún hafði samband við Eflingu kom í ljós að ekkert var sjálfsagðara. En nú var forvitni þess sem svaraði í símann vakin og Jóhanna var spurð hvernig henni hefði orðið við þegar hún sá myndina.

Það vildi svo skemmtilega til að á sama klukkutímanum, þegar ég uppgötvaði myndina í blaðinu, kom fjölskylda mín í heimsókn. Og það get ég sagt þér að það varð mikill fögnuður þegar að þau sáu myndina.

Hvar stóðu braggarnir?

Þeir stóðu á svæðinu þar sem að Ingvar Helgason og Bálheimar eru í Elliðarárvogi. Ég flutti þangað ásamt foreldrum mínum og tveim bræðrum árið 1952, þegar ég var 4 ára gömul.

Hvað bjuggu þarna margar fjölskyldur?

Alls gátu sex fjölskyldur búið samtímis í Bröggum. Sá þekktasti sem ég man eftir var

Einu sinni vildi ég ekki fara í bílaleik við einn strákinn, en þá barði hann mig í höfuðið með buffhamri.





Góður háskóli eflir íslenskt atvinnulíf

Með miða í Happraætti Háskólans eflir þú Háskóla Íslands.



**HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

Jón Sigurðsson, bassaleikari eða Jón bassi, eins og hann var alltaf kallaður, en hann stóð stutt við. Ég hafði mest samskipti við eina fjölskyldu og lék mér við börnin. Einu sinni vildi ég ekki fara í bílaleik við einn strákinn, en þá barði hann mig í höfuðið með buffhamri. Ég man vel eftir honum. Annars lékum við okkur mest í næsta nágrenni við braggana. Kartöfluhúsið sem ennþá stendur í Ártúnsbrekkunni var vinsælt leiksvæði og eins áttum við margar góðar stundir við Rafveituna. Stundum fengum við að fara með vaktmanninum inn í húsið og þá var gaman.

Einu sinni gleymdum við okkur þegar við vorum að vaða og þríla upp á grjót í ánni í aðfalli. Allt í einu vorum við umflotin vatni þar sem við stóðum uppi á steinum í miðri ánni og komumst hvergi. Auðvitað urðum við skelfingu lostin og kölluðum á hjálp. Sem betur fer heyrðist til okkar, og fólk dreif að og bjargaði okkur í land. Eftir þetta voru Elliðaárnar bannsvæði fyrir okkur.

Geturðu lýst húsnaðinu sem þið höfðuð til afnota?

Já, því man ég vel eftir. Fyrst var gengið inn í lítinn gang. Á vinstri hönd var lítið eldhús með

eldavél og kolaofni, á hægri hönd var lítið herbergi, þar sem við systkinin sváfum. Í endanum á ganginum var svo stofan og þar sváfu foreldrar okkar á svefnsófa. Klósettaðstaða var engin innan dyra, en við höfðum aðgang að útikamri. Svo minnst mig að það hafi verið sameiginlegt vaskahús.

Þú hlýtur að eiga margar minningar frá þessum árum?

Já, þær eru margar en misjafnlega skemmtilegar. Á þessari stundu er mér minnistæður atburður sem skeði einu sinni þegar ég var stódd í eldhúsinu ásamt móður minni. Allt í einu var mér lítið inn í herbergið á móti. Þar lá bróðir minn sofandi í rúminu og sé þá stóra svarta rottu á berum rassinum á honum. Ég óskraði og starði á hana. Mamma leit á mig og sá strax hvað var að gerast. Hún hljóp yfir í herbergið, náði í bróður minn, greip því næst í mig þar sem ég stóð stjörf af hræðslu á eldhúsgólfinu og hljóp með okkur inn í stofu. Þar biðum við allan daginn eftir að pabbi kæmi heim úr vinnunni og frelsaði okkur.

Annars var þetta litla samfélag að mörgu leyti mjög gott og ég á margar góðar minningar þaðan, sagði Jóhanna að lokum.

Jarðlagnatækni aftur í gang í janúar

- 300 stunda starfsnám fyrir Eflingarfélagið við jarðvinnu



Frá útskrift fyrstu jarðlagnatækna

Jarðlagnatækninám mun fara af stað í fjórða sinn nú í janúarmánuði. Námið hefur aflagð sér almennrar viðurkenningar meðal opinberra orkufyrirtækja og jarðvinnuverktakar á almennum markaði eru í vaxandi mæli að senda starfsmenn sína í þetta nám – enda er Orkuveita Reykjavíkur fari að setja jarðlagnatækninám, eða pípulagningarréttindi sem skilyrði fyrir þátttöku í útboðum fyrirtækisins vegna verka er snúa að kaldavatnslögnum.

Almennt verð fyrir á þátttakanda er 215.000 krónur en verktakar á almennum markaði sem eru aðilar að Samtökum atvinnulífsins geta sótt um styrk vegna námskostnaðar til Starfsafls sem er fræðslusjóður SA og Eflingar - stéttarfélags. Framlag atvinnurekandans er þá sá vinnutími sem starfsmenn eru á námskeiðinu.

Alls er námið 300 stundir og skiptist í þrjár tveggja vikna syrpur; 20.-31. janúar, 17.-28. febrúar og 17.-28. mars. Námsþættir eru m.a. tæringarfræði, efnisfræði, jarðvegsfræði, vélfræði og rafmagnsfræði ásamt almennum námsþáttum s.s. íslensku, stærðfræði, tölvunámi og mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá Eflingu-stéttarfélagi (Garðar, s. 510-7500) og hjá MFA (Hólmfríður, s. 533-1818).

Fróðleiksmolar

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

**Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500
Félagar- fylgist með réttindum ykkar!!!!**

Gleðilegt nýtt ár

í BORGARLEIKHÚSINU



Sól & Máni

Sölumaður deyr

Púntila og Matti

Jón og Hólmfríður

HONK! Ljóti andarunginn

Íslenski dansflokkurinn

Öfugumegin uppí

Maðurinn sem ...

Vetrarævintýri

Rómeó og Júlía

Píkusögur

Kvetch

... og margt, margt

fleira spennandi

á fjölnum

fram til vors.

Veldu og komdu!

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Míðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is

Guðný Hjálmarsdóttir leikskólastjóri

Strax hugfangin af starfinu



Það þóttu góð tíðindi þegar að nýr leikskóli tók til starfa í nýja hverfinu í Grafarholti í haust. 14. nóvember síðastliðinn var hann svo formlega opnaður með hátíðlegri athöfn að viðstöddum fyrstu börnunum sem fengu vistun, foreldrum þeirra og öðrum góðum gestum. Leikskólinn fékk nafnið Mariuborg og getur tekið rúmlega 80 börn þegar hann er fullskipaður. Guðný Hjálmarsdóttir á skemmtilegan feril að baki sem starfsmaður á leikskólum og er nú nýráðinn leikskólastjóri á Mariuborg.

Guðný Hjálmarsdóttir, nýráðin leikskólastjóri útskrifaðist með fyrstu konunum sem sóttu 100 stunda sérhæfninámskeið fyrir starfsmenn á leikskólum árið 1986. Þessi námskeið

komu inn í kjarasamning 1985. Hún tók því vel þegar að Fréttablað Eflingar leitaði eftir því að fá að spjalla við hana á þessum merku tíma-mótum í lífi hennar um starfsferilinn og nýja starfið.

Fyrsta starfið mitt með börnum var á róluvelli hjá Reykjavíkurborg. Þá var ég mjög ung, segir Guðný. En árið 1978 fékk ég svo vinnu á leikskólanum Tjarnarborg og vann þar í nokkur ár. Þá flutti ég upp í Árbæjarhverfi og fór að vinna á leikskólanum Árborg. Þar var ég til ársins 1987. Þá ákvað ég að fara í Fóstruskólann eftir að yfirmenn og samstarfsmenn mínir höfðu kvatt mig mjög eindregið til þess. Það ýtti líka undir áhugann að ég hafði fari á sérhæfninámskeið fyrir starfsfólk á leikskólum



sem var haldið á vegum Sóknar hjá Námsflokkum Reykjavíkur.

Námið tók þrjú ár og um það leyti sem ég útskrifaðist fluttist ég í Grafarvoginn. Það gerðu líka tvær vinkonur mínar sem útskrifuðust með mér. Um svipað leyti var leikskólinn Klettaborg opnaður í hverfinu og ákváðum við vinkonurnar að sækja um vinnu og vorum allar ráðnar. Þetta var árið 1990 og þar vann ég í ein 8 ár.

Þá flutti ég til Grimstad í Noregi. Okkur hjónunum langaði að breyta aðeins til og ákváðum því að fara með fjölskylduna á vit ævintýrana. Þegar að við höfðum komið okkur vel fyrir í nýjum heimkynnum, ákvað ég að leita að vinnu á leikskóla sem leikskólakenn-



ari. En þá rakst ég á vegg, heima gat maður alltaf fengið vinnu sem leikskólakennari en í Grimstad sóttu 10 til 12 manns um hverja stöðu.

Komin á borgarstjórnarfund!!!

Í eitt skipti var ég boðuð í viðtal í Ráðhúsið vegna umsóknar sem ég hafði sent inn. Ég mætti galvösk og hélt að ég væri að fara að hitta eina konu, en viti menn, mér var vísað inn í fundarsal þar sem 12 manns sátu við stórt borð. Fyrsta hugsun mín var að ég væri komin á borgarstjórnarfund en það reyndist ekki rétt. Mér var boðið sæti við borðið og svo var ég beðin um að þylja upp starfsferil minn frá upphafi. Ef ég hefði vitað þessi ósköp hefði ég hugsanlega sleppt því að mæta í þetta viðtal. Reyndar fékk ég ekki stöðuna. En seinna tókst mér að komast í starf á leikskóla sem leiðbeinandi í gegnum atvinnumiðlun og þegar ég flutti aftur heim eftir tveggja ára búsetu í Noregi var ég komin í 60% stöðu.

Eftir heimkomuna fékk ég aftur vinnu á Klettaborg og svo lá leiðin í Kvarnarborg í Ártúnsholti. Ári seinna sá ég þessa stöðu auglýsta og vegna þess að ég var að flytja í hverfið, ákvað ég að sækja um stöðuna. Stuttu seinna fór ég í sumarfrí með fjölskyldunni. Þegar við vorum að keyra í Hvalfjarðargöngunum hringdi gemsinn. Í símanum var Bergur Felixson framkvæmdarstjóri Leikskóla Reykjavíkur að tilkynna mér að ég hefði fengið starfið. Eftir stutt samtal þakkaði ég honum fyrir traustið, sem mér hafði verið sýnt, og svo héldum við ferðinni áfram. Ég verð að viðurkenna það núna, að þegar við komum í sumarhúsið var ég orðin hugfangin af nýja starfinu. Ég byrjaði strax að skrifa alls konar hugmyndir á litla gula miða, sem ég dreifði síðan um allt sumarhúsið, fjölskyldu minni til lítillar gleði.

Ég mætti til vinnu 1. september. Þegar ég hafði holað mér niður ásamt aðstoðar leikskólastjóranum og iðnaðarmönnum sem unnu hörðum höndum við frágang á húsnæðinu, hófst vinnan við undirbúning og skipulagningu á starfsemi skólans.



Guðný Hjálmarsdóttir í essinu sínu með Sigrúnu B. Geirdals og börnunum.



Námsflokkar Hafnarfjarðar

Miðstöð símenntunar

Vorönn 2003

Fjölbreytt og gagnlegt nám

- _ Tungumál. Handverks- og listgreinar.
- _ Íslenskunám fyrir útlendinga.
- _ Tölvunám. Bókhalð og rekstur.
- _ Ýmis frístundanámskeið.
- _ Starfsnám og starfstengd námskeið.
- _ Sérniðin námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir.
- _ Námsaðstoð fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla.
- _ Framhaldsskólanám-prófaáfangar í samvinnu við Flensborgarskóla.
- _ Fjarnám í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Innritun á vorönn 2003 fer fram 20.-23. janúar kl. 13-19 á skrifstofu Námsflokka, Brekkugötu 2, þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar.

Sími 585-5860. Vefslóð: www.namsflokkar.hafnarfjordur.is

Núna eru við með 63 börn á þrem deildum en fjórða deildin verður tekin í notkun um miðjan janúar á næsta ári og þá verða rúmlega 80 börn hjá okkur.

Nú hefur þú unnið sem leikskólakennari í mörg ár, hefur nýja starfið gefið þér aðra sýn á störfín sem unnið eru innan skólans?

Núna þegar ég er sest hinu megin við borðið, sé ég ýmislegt í öðru ljósi. Hvað reksturinn varðar þá hef ég verið að setja mig inn í þau mál á undanförunum vikum og núna fyrst geri ég mér grein fyrir þeirri miklu ábyrgð sem fylgir þessu starfi. Það sem mér finnst kannski mikilvægast þessa dagana, er hvað ég hef verið heppin að fá vel þjálfað og vel menntað fólk til starfa sem býr hér í hverfinu

Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér í leikskólunum?

Mér finnst starfið á leikskólum almennt vera miklu faglegra og metnaðarfullra með árunum og þess vegna er ekki hægt annað en að líta framtíðina björtum augum. Við erum t.d. núna að vinna að hugmynd um samstarf við Ingunnarskóla sem er hér í næsta húsi. Samstarfið fælist m.a. í því að nemendur skólanna skiptust á heimsóknum og færu saman í ferðir. Ég hef trú á því að svona samskipti gætu komið í veg fyrir ýmis vandamál sem koma upp hjá börnunum í dag, sagði Guðný að lokum.

Smelltu á www.efling.is



Langtímalán SPRON

– gerir hugmyndir
þínar að veruleika

**Þjónustufulltrúar
SPRON veita allar
nánari upplýsingar
um langtímalánin og
reikna út greiðslu-
dreifingu þína miðað
við þínar forsendur**

Aðalsími SPRON
550 1200

Þjónustuver SPRON
550 1400

SPRON býður fasteignaveðtryggð lán sem veitt eru til langs tíma eða allt að 30 ára*. Með því að taka eitt stórt langtímalán og borga upp ýmis skammtímalán eða óhagstæðar skuldir er hægt að létta greiðslubyrðina verulega og koma þannig jafnvægi á fjármálin.

Langtímalán hentar þeim vel sem vilja:

- huga að fasteignakaupum
- byggja eða breyta
- greiða upp óhagstæð skammtímalán
- létta greiðslubyrðina
- endurskipuleggja fjárhaginn
- koma garðinum í stand
- klára eldhúsið eða baðið
- gera allt ofantalið og meira til...

*Útlán eru háð útlánareglum SPRON.

 **spron**



El Salvador

Enn ríkir fátækt og óréttlæti

Eftir Tryggva Þór Aðalsteinsson

Fátækt er mikil í El Salvador og húsnæði oft aðeins skjól fyrir regni og vindi

El Salvador er lítið land en íbúarnir margir. Stærð landsins er sem einn fimmti hluti Íslands en íbúar um 6 milljónir. El Salvador er eitt af ríkjum Mið-Ameríku, liggur að Kyrrahafi með landamæri að Guatemala, Honduras og Nicaragua. Flestir íbúar landsins eru af kynþætti mestisa, sem er blanda af afkomendum frumbyggja og spánverja, sem settust að í þessum hluta heimsins á 16. öld. Landið er bæði láglent og fjalllent með keilulaga eldfjöllum, skógi vaxið og frjósamt, enda hitabeltisloftslag. Fátækt er mikil, landsins gæðum misskipt, lág laun og réttindaleysi, veik verkalýðshreyfing og djúp sár eftir 12 ára blóðugt innanlandsstríð. Einn þáttur í uppbyggingu landsins er lestrar-

og skriftarkennsla meðal fátækts fólks á landsbyggðinni. Tryggvi Þór Aðalsteinsson var nýlega á ferð í El Salvador og fer grein hans um heimsóknina hér á eftir.

Helstu útflutningsvörur El Salvador eru kaffi, ávextir og grænmeti margs konar. Flestir íbúar landsins lifa á landsbyggðinni, oft við knöpp kjör og beinlínis við fátækt. Margir vinna tímabundið við uppskeru og sölu afurða af eigin landskika. Á undanförunum árum hafa erlend stórfyrirtæki reist verksmiðjur, *maquilas*, á svo kölluðum frísvæðum. Verksmiðjurnar eru aðallega fataverksmiðjur og samsetningarverksmiðjur ýmiss konar. Þessi atvinnurekstur veit-



ir mörgum vinnu, einkum konum, en launin eru lág, vinnutíminn langur og nánast engin réttindi. Til þess að ungar konur geti fengið vinnu verða þær að sýna fram á að þær séu ekki ófrískar. Verði þær barnshafandi er þeim sagt upp. Vinnuumhverfi og öryggi í verksmiðjunum er oft ábótavant. Fyrirtækin beita auk þess öllum ráðum til hindra myndun stéttarféлага og tilraunir starfsfólksins til að bæta kjör sín. Þeir sem taka frumkvæði til slíks eru einfaldlega reknir. Maquilas-verksmiðjurnar flytja inn vörur og hráefni tollfrjálst og greiða litla sem enga skatta till ríkis og sveitarfélaga. Framlag þessara fyrirtækja til uppbyggingar landsins og þróunar er því afar lítið.



Í El Salvador eru glæpir tíðir og oft eru það unglingar sem standa að baki afbrotum og glæpum

Rót óréttlætis og stríðs

Eins og í mörgum öðrum löndum rómönsku Ameríku, hefur lengið verið órólegt í stjórnmálalífi El Salvador. Landið var spænsk nýlenda frá því um 1540 til 1841 en þá fékk landið sjálfstæði. Frjálsar kosningar voru fyrst haldnar 1931. Ríkisstjórnin sat þó ekki lengi og einræðisherrar og fulltrúar hersins héldu um stjórnvölinn í hálfa öld. Lýðræði var víðs fjarri.

Í El Salvador er frjósöm jörðin helsti auður landsins, en skiptist með óréttlátum hætti. Misskiptingin er rótin að reiði fólksins og átaka og stríða sem orðið hafa á milli þess og yfirvalda. Um það bil 20% af þeim sem teljast til ríkra íbúa landsins eiga 87% af öllu landi.

1980 braust út innanlandsstríð á milli stjórnvalda studd af Bandaríkjamönnum og þjóðfrelsishreyfingarinnar FMLN, sem sameinaði flokka og hópa á vinstri væng stjórnmálanna. Stríðið var bæði grimmt og blóðugt og talið er að um 80000 manns hafi látið lífið. Hundruðir þúsunda yfirgáfu heimili sín og margir flúðu til annarra landa. Stríðið geisaði í 12 ár eða þar til friðarsáttmáli var undirritaður með tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna 1992, en áhrif slíks stríðs varir þó lengi.

Á þeim tíu árum sem liðin eru hefur hagur landsins batnað nokkuð. Stór hluti íbúanna lifir samt við sára fátækt og enn hefur ekkert gerst sem breytt hefur misskiptingu lands.

Ríkisstjórnin, undir forystu hægri flokksins, hefur selt opinber fyrirtæki og stefnir að því að selja sjúkrahús og skóla. Íbúar og sérstaklega starfsfólk innan heilsugæslunnar hefur brugðist hart við þessum ráðagerðum og í haust hafa verið reglulegar mótmælaaðgerðir í höfuðborginni San Salvador. Andstaðan hefur leitt til þessa að ríkisstjórnin hefur dregið áætlanir sínar til baka, að minsta kosti um sinn. Við gerð friðarsáttmálans lagði FMLN niður vopn og er nú starfandi stjórnmálaflokkur og sá stærsti á þingi landsins og hefur auk þess meirihluta í all mörgum sveitarfélögum. Þrátt fyrir það hefur þeim ekki tekist að koma á þeim



Í borgum og bæjum El Salvador er stöðugur markaður frá morgni til kvölds

umbótum sem flokkurinn hefur á stefnuskrá sinni. Hægri flokkarnir mynda meirihluta í þinginu og sveitarfélögin eru veikar stjórnsýslueiningar með litlar skatttekjur.

Áhrifalítil stéttarsamtök

Í samanburði við stéttarsamtök á Norður-löndum eru stéttarfélögin í El Salvador áhrifalítil. Á tímum innanlandsstríðsins voru nán tengsl á milli stéttarfélaganna og FMLN. Stéttarsamtökin og félagsmenn þeirra tóku virkan þátt í baráttunni gegn ríkisstjórninni og fulltrúum hennar. Nú eru stéttarsamtökin sjálfstæðari hvað varðar bein pólitísk áhrif en engu að síður sundruð. Varla er hægt að tala um heildarsamtök stéttarféлага á borð við alþýðusamband. Stéttarfélagunum hefur ekki tekist að verða öflug hagsmunasamtök félagsmanna sinna og fjölmennra stétta. Á fjölda mörgum vinnustöðum eru engin stéttarfélög og stéttarsamtökin hafa ekki þann styrk að þau geti samið við atvinnurekendur um kaup og kjör. Lög landsins takmarka möguleika verkafólks að stofna stéttarfélög og að mynda sambönd stéttarféлага. Til að mynda þarf að sækja um fullgildingu atvinnumálaráðuneytisins og það getur tekið langan tíma að fá slíkan pappír.

Einstaklingar sem beita sér fyrir stofnum stéttarfélags eiga sífellt á hættu að vera reknir. Í rómönsku Ameríku, með vissum undantekningum svo sem í Brasilíu, hefur ekki orðið iðnþróun á borð við það sem hefur átt sér stað í Evrópu og skapaði grundvöll öflugra stéttarsamtaka. Í löndum álfunnar eru stórir hópar fátækra smábænda og landbúnaðarverkafólks og meðal þessara hópa hefur ávallt verið erfitt

að mynda sterk stéttarsamtök. Öflugustu stéttarsamtökin eru þess í stað oft meðal opinberra starfsmanna. Þetta á líka við um El Salvador en þar eru samtök kennara ein sterkustu samtökin. Önnur tiltölulega sterk stéttarfélög eru samtök starfsmanna rafveitna og símafyrirtækja, sem til skamms tíma voru opinber fyrirtæki. Aðeins um 5% starfsmanna einkafyrirtækja eru hins vegar félagsmenn stéttarféлага.

„Maras“

Í El Salvador er fjöldi glæpa mikill eins og oft vill verða þar sem örbirgð ríkir. Höfuðborgin San Salvador talin með hættulegust borgum rómönsku Ameríku. Glæpir á borð við þjófnaði, mannrán og morð eru algengir. *Maras*, er samheiti skipulagðra hópa ungmenna, sem stunda glæpi sér til framdráttar. Margir þeirra sem tilheyra þessum hópum voru börn á tímum innanlandsstríðsins og flosnuð upp frá heimilum sínum. Börnin fengu sum hver hæli í nágrennalöndunum, aðskilin frá foreldrum sínum, ættingjum og vinum. Þegar innanlandsstríðinu lauk og börn og unglingar komu aftur heim til El Salvador var ef til vill ekkert heimili að finna, foreldrarnir „horfnir“ eða fallnir í stíðinu. Enginn skóli sem beið eftir þeim og enn síður vinna. Þá mynduðust *Maras*-hóparnir.

Von og kraftur

Eins og annars staðar í fátækum löndum heims hafa margir farið á mis við skólagöngu og margir eru ólæsir og óskrifandi. El Salvador er engin undantekning. Undanfarin þrjú hef ég í starfi mínu í Svíþjóð borið ábyrgð á þróunarverkefni í El Salvador og heimsótt landið af þessu tilefni. Verkefni okkar, sem er í bænum Zacatecoluca og nágrenni, felur í sér lestrar- og skriftarnámskeið fyrir fullorðna, konur og karla. Verkefnið er unnið í samvinnu við samtök sem hafa að markmiði að vinna að félagslegri- og efnahagslegri framvindu í landinu og í haust hef ég fylgst með kennslu og rætt við leiðbeinendur og þátttakendur. Á því tímabili sem verkefnið hefur staðið hafa rúmlega 60% fleiri þátttakendur lokið námi en áætlanir okkar gerðu ráð fyrir. Ástæðan er aðallega sú að áhugi og eftirspurn er mikil og leiðbeinendur eru tilbúnir að taka á móti stærri og fleiri hópum. Þetta litla verkefni er eitt dæmi um, að þrátt fyrir að ástandið í El Salvador sé alvarlegt, fátækt mikil og fólk beitt órétti, er von og kraftur meðal fólksins sem getur vaxið og borið ávöxt.

Tryggi Þór Aðalsteinsson er framkvæmdastjóri MFA í Örebro

Greinin er byggð á gögnum frá Sida, sænsku þróunarsamvinnustofnuninni og eigin samtölum við fólk í El Salvador.

MÍMIR
S Í M E N N T U N



Námskeið

á vorönn

2003

hefjast
22. janúar

MÍMIR - SÍMENNTUN EHF.
Alhliða mennta- og fræðslustarfémi
til almannaheilla.

Sími: 588 72 22 • www.mimir.is

Styrkir hækka í sjúkrasjóðum

Áhersla á heilsuefningu og endurhæfingu



Nokkrar áherslubreytingar verða hjá sjúkrasjóðum Eflingar-stéttarfélags nú um áramótin. Almenn hækka bætur og styrkir sem nemur launabreytingum um áramót, en auk þess verður aukin áhersla lögð á að styrkja úrræði í heilsuefningu og fjölga styrkhæfum fyrirbyggjandi og uppbyggjandi þáttum í heilsuefningu. Þessar breytingar byggja á umræðu um mikilvægi góðrar heilsuverndar með aukinni hreyfingu og góðum lífsháttum. Breytingar verða á greiðslum sjúkrasjóða frá 1. janúar 2003

Dagpeningar:

Frá 1. janúar hækka dagpeningar hjá Sjúkrasjóði félagsins úr kr. 4.154.- á dag í kr. 4.285.- fyrir fullt starf næstliðna 12 mánuði áður en sjóðfélagi varð launalaus vegna veikinda/slyss. Dagpeningar hjá sjóðnum hafa þar með hækkað um 26% frá 1. maí 2002. Þessi upphæð gildir fyrir starfsmenn á almennum markaði, ríki og sveitarfélögum öðrum en hjá *Reykjavíkurborg og stofnunum tengdum borginni (sjá breytingar hjá Fjölskyldu- og styrktarsjóði hér að neðan).*

Styrkir eftir 12 mánaða samfellda aðild að sjóðnum:

Styrkir hækka í sjúkra- og endurþjálfun

Styrkir vegna sjúkra- og endurþjálfunar hækka úr kr. 786.- fyrir hvert skipti í kr. 900.- og hámarksfjöldi styrkja er aukinn úr 20 skiptum á

hverjum 12 mánuðum í 25 skipti. Með þessari hækkun er félagið að koma til móts við þá sjóðfélaga sem þurfa nauðsynlega á sjúkraþjálfun eða endurhæfingu að halda.

Líkamsrækt - Ekki bara líkamsrækt eða sund!

Styrkur hækkar úr kr. 5.000.- einu sinni á hverjum 12 mánuðum í kr. 6.000.- enda kosti námskeið kr. 12.000.- eða meira. „Öll hreyfing er góð“ segir máltækið og til að sýna stuðning sinn í verki hefur stjórn félagsins ákveðið að styrkja ekki aðeins líkamsrækt hjá viðurkenndri líkamsræktarstöð eða sundstöðum því nú bætist við almenn heilsuefning svo sem vegna íþróttaiðkanna hjá íþróttafélagi sem skilgreind er sem „holl heilsuefning“ að mati sjóðsstjórnar, dansnámskeið hjá viðurkenndum dansskóla og svokölluð „kvennaleikfimi“ enda fylgi lögleg kvittun umsókninni!

Styrkur til Heilsustofunar

Styrkir vegna dvalar í Heilsustofnun í Hveragerði hækka úr kr. 650.- á dag í kr. 750.- miðað við 100% starf næstliðna 12 mánuði, í allt að 42 daga á hverjum 24 mánuðum.

Nýr styrkur vegna tæknifrjövgunar

Til að koma til móts við þann mikla kostnað sem fylgir tæknifrjövgun hefur verið ákveðið að styrkja sjóðfélaga sem á slíkum aðgerðum þurfa að halda um allt að kr. 25.000.-, enda sé kostnaður kr. 100.000.- eða meira.

Styrkur til að hætta að reykja hækkar úr kr. 4.000.- í kr. 5000.-

Auk ofangreindra hækkanna, hækka styrkir vegna gleraugna/heyrnartækja úr kr. 6.000.- í kr. 7.000.- enda sé kostnaður kr. 14.000.- eða meiri. Styrkurinn er veittur einu sinni á hverj-

um 36 mánuðum. Enda þótt kostnaður vegna einfaldra gleraugna hafi ekki hækkað mikið undanfarin ár, er ljóst að tvískipt gleraugu hafa hækkað umtalsvert og er því fyrst og fremst verið að koma til móts við þá sem þurfa slík gleraugu.

Breytingar hjá Fjölskyldu- og styrktarsjóði:

Dagpeningar hjá Fjölskyldu- og styrktarsjóði hækka úr kr. 3.400.- í kr. 3.502.- á dag. Ástæða mismundi dagpeninga milli sjúkrasjóða félagsins er að í Sjúkrasjóðinn er greitt 1% af öllum launum en í Fjölskyldu- og styrktarsjóð er greitt 0,30% þ.e. framlag er 70% lægra en í Sjúkrasjóðinn, enda hafa félagsmenn hjá borginni og stofnunum tengdum henni í staðinn margfalt lengri veikindarétt en aðrir félagsmenn Eflingar.

Styrkir vegna gleraugna/heyrnartækja og fæðingarstyrkir eru ekki til staðar hjá Fjölskyldu- og styrktarsjóði að öðru leyti eru aðrir styrkir eins í báðum sjóðunum.

Hvað þarf að fylgja umsókn um styrki?

Með umsókn um styrki þarf að fylgja kvittun þar sem fram kemur, upphæð, nafn

og kennitala beggja aðila (seljanda og kaupanda), dagsetning og tímabil meðferðar/æfingar ef við á, ásamt ljósriti af síðasta launaseðli þar sem styrkupp hæð miðast við innkomin félagsgjöld næstliðna 12 mánuði. Með umsókn um styrki vegna dagpeninga, dvalar á Heilsustofnun eða tæknifrjógunar þarf starfsvottorð þar sem fram kemur starfshlutfall og starfstími næstliðna 12 mánuði og læknisvottorð.

Ekki bara einn styrkur eða ein ákveðin upphæð á ári!

Hjá sjóðum félagsins er hver styrktegund sjálfstæður réttur sjóðfélaga!

Allar nánari upplýsingar um styrkina fást á skrifstofu Eflingar og á heimasíðu félagsins www.efling.is

Ráðgjöf á vinnustaðnum

Námsráðgjöf Eflingar farin af stað

Námsráðgjöf á vegum Eflingar og Starfsafls er nú farin af stað. Fyrir áramót fór ráðgjafi á vegum Eflingar-stéttarfélags á tvo vinnustaði, bæði með einstaklings og hópráðgjöf. Óhætt er að segja að bæði starfsmenn og stjórnendur hafi tekið þessu mjög vel.

Ýmsar spurningar koma upp hjá Eflingarfélögum s.s. um hvaða tölvunám gæti hentað miðað við fyrri þekkingu, hvar sé hægt að nálgast nám í talaðri ensku eða hvernig skuli bera sig að ef maður vill bæta stafsetninguna sína. Þá er mikið spurt um möguleika til námsstyrkja og hvar sé möguleiki á stuðningi vegna náms.

Á einum stað var ákveðið að setja í gang námskeið fyrir starfsmannahóp í gerð færnimöppu og er áætlað að það fari af stað í janúar. Færnimappan er nokkurs konar verkfæri til að átta sig á kostum sínum og hvar eigi helst að bera niður til að bæta hæfni og þekkingu sína.

Námsráðgjöf á vinnustöðum mun halda áfram af fullum krafti nú á vordögum og vonast er til að ráðgjafar nái að komast á sem flesta



Gunnlaug Hartmannsdóttir námsráðgjafi hjá MFA veitir starfsfólki lyfjafyrirtækisins Delta námsráðgjöf í matsal fyrirtækisins.

vinnustaði fyrir upphaf sumars. Ef þú hefur áhuga á að fá námsráðgjafa á þinn vinnustað eða óskar upplýsinga um námsráðgjöf getur þú haft samband við Garðar hjá Eflingu í síma 5107500 eða Gunnlaugu/Aðalheiði hjá MFA í síma 5331818.

Trúnaðarráð Eflingar ályktar um atvinnumál

Kominn tími til framkvæmda

- segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar



„Eigum ekki að sitja aðgerðarlaus hjá í svona atvinnuleysi“ segir Sigurður Bessason.

Reykvíkingar hafa fylgst með umræðu um gerð gatnamóta Kringlumýrabrauta og Miklubrautar í heilan áratug. Þessi gatnamót eru löngu orðin að skipulagslegu þrætuepli. Bæði er deilt um skipulag gatnamótanna en ekki síður hvernig eigi að standa að gerð þeirra. Á sama tíma hefur umræðan um Sundabrautina verið mikil meðal Reykvíkinga, sérstaklega þeirra sem búa norður með ströndinni þar sem almenningur veltir því fyrir sér hvað dvelji orminum langa. Það er leitun að framkvæmdum í landinu sem eru þjóðhagslega hagkvæmari en þessar tvær framkvæmdir. Framkvæmdin við Kringlumýrabraut er talin mjög arðbær en einnig vega öryggissjónarmið þungt í þessu máli, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar.

Hversu lengi telja menn að hægt sé að bíða með framkvæmdir við þessi gatnamót á Kringlumýrabraut þar sem í dag fara yfir 80.000 bílar á sólahring? Hversu lengi er hægt að láta öryggi vegfaranda víkja til hliðar fyrir minna aðkallandi verkefnum. Hversu margir eru í þessum bílum og bíða eftir því að komast áfram sína leið og hver er kostnaður þjóðfélagsins vegna þessa? Hér verður að gera þá kröfu til ríkis og borgar að ná samstöðu um framkvæmdirnar og þeim verði hraðað sem mest. Með þessu næst margskonar hagræðing svo ekki sé minnst á hvaða áhrif svo stórar

framkvæmdir geta haft á atvinnustigið hér á suðurhorninu, segir Sigurður.

Trúnaðarráð Eflingar fjallaði á dögnum um nauðsyn þess að stjórnvöld beiti sér í þessum málum og fer ályktun ráðsins hér á eftir.

“Á undanförunum vikum og mánuðum hefur fjöldi atvinnulausra aukist dag frá degi á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma er spáð áframhaldandi samdrætti sem mun valda ennfrekara atvinnuleysi á þessu svæði. Fyrirtæki eru að segja upp fjölda starfsmanna um þessar mundir.

Efling-stéttarfélag telur mikilvægt að snúa af þessari braut. Nú er rétti tíminn fyrir sveitarstjórnir og ríkisvald að örva atvinnulífið þegar samdráttur er framundan.

Ljóst er að margfeldisáhrif uppsagna mun koma fram af auknum þunga í samdráttareinkennum ef ekkert er að gert.

Ekki liggja fyrir nein stór verkefni í byggingariðnaði eða öðrum stórfamkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Efling-stéttarfélag telur brýnt að undirbúa nú þegar framkvæmdir við gatnamót Kringlumýrabrautar og Miklubrautar vegna öryggissjónarmiða þar sem 80.000 bílar fara um á sólahring en ekki síður þar sem þessi framkvæmd er afar þjóðhagslega hagkvæm. Samhliða því verði farið að vinna að undirbúningi Sundabrautar sem beðið er eftir.”

Trúnaðarráð Eflingar

Mótmælir iðgjaldahækkunum tryggingafélaga

Trúnaðarráð Eflingar-stéttarfélags mótmælir harðlega boðuðum iðgjaldahækkunum bruna-trygginga. Vátryggingafélögin hafa á undanförnum árum gengið á undan í iðgjaldahækkunum á almenning. Þessi fyrirtæki búa ekki við eðlilega samkeppni á markaði og nýta sér þessa stöðu sína hvað eftir annað til stórhækkana á iðgjöldum.

Tryggingafélögin eru að skila hagnaði og safna í bótasjóði sem bólgna út ár eftir ár.

Trúnaðarráð Eflingar krefst þess að tryggingafélögin falli frá boðuðum hækkunum nú þegar.

Ljóst er að þessi hækkunaráform munu kynda undir verðbólgu og geta eyðilagt þann árangur sem verkalyðshreyfingin hefur náð í verðlagsmálum á undanförunum mánuðum. Auk þess þyngja verðhækkanirnar skuldabyrði



Trúnaðarráð Eflingar á fundinum í Borgarleikhúsinu

heimilanna sem eru allt of skuldsett fyrir.

Sveitarstjórnir og ríkisstjórn hafa einnig boðað miklar verðlags- og skattahækkanir sem munu koma hart niður á launafólki á næstunni.

Efling-stéttarfélag lýsir fullri ábyrgð á stjórnvöld og fyrirtæki sem ganga fram fyrir skjöldu með verðhækkunum á þessum tíma. Ljóst er að vítahringur verðbólgunnar getur hafist að nýju ef þessi áform ná fram að ganga. Trúnaðarráð Eflingar-stéttarfélags varar við afleiðingunum af þessum ákvörðunum.



Felix Bergsson og Jóhann G. Jóhannsson í banastuði í HONK!

Trúnaðarráð Eflingar

Gaman og alvara í Borgarleikhúsinu

Trúnaðarráð Eflingar-stéttarfélags brá út af venjunni á jólaföstu þegar síðasti fundur ráðsins á þessu ári var haldinn. Fundurinn var haldinn í Borgarleikhúsinu þar sem fundarmenn afgreiddu fyrst ályktanir um hækkanir trygginga-

félaganna og atvinnumál en að því loknu fengu fundarmenn bráðskemmtileg sýnishorn úr starfi leikhússins.

Fundurinn í leikhúsinu var ekki af tilefnislausu. Undanfarnar vikur hefur Eflingarfélagum staðið til boða að fá miða í Borgarleikhúsið á afsláttarverði. Nálægt 500 félagsmenn Eflingar hafa notfært sér þetta og þakkaði Sigurður Bessason, formaður Eflingar, Borgarleikhúsinu Sigrúnu Valbergisdóttur, kynningarstjóra leikhússins fyrir árangursríkt samstarf.

Sýnd voru atriði úr gamanleiknum HONK! Ljóta andarunganum með Eddu Heiðrúnu Backman, Felix Bergssyni og Jóhanni G. Jóhannssyni. Arnbjörg Hlíf Valsdóttir flutti fallegt lag úr nýjum, íslenskum sjónleik eftir Sálina hans Jóns míns, sem verður frumsýndur 11. janúar. Einnig fengu fundarmenn skemmtilegt sýnishorn úr erótíska leikritinu Jón og Hólmfríður.

Þetta var síðasti fundur þessa trúnaðarráðs Eflingar því um áramótin tekur við störfum nýtt trúnaðarráð sem var sjálfkjörið í desember. Kjörtímabil trúnaðarráðsins er tvö ár og í eiga seturétt 130 fulltrúar að stjórn meðtalinni.



Með sólberjasafa í upphafi fundar. Ruth Árelíusdóttir, Dórothea Einarsdóttir, Jónína Sigurðardóttir, Erla Steingrímsdóttir og Guðrún Aðalsteinsdóttir.



Fullkomin máltíð

(hvenær sem er)

KNORR bollasúpur eru ljúffengar og nærandi og það tekur enga stund að laga þær. Úrvalið er frábært, þú getur gætt þér á fjölmörgum gómsætum tegundum; sigildum súpum eins og aspas- og sveppasúpu eða meira framandi tegundum á borð við tækerska kjúklingasúpu og mexíkóska chilisúpu. Heit KNORR bollasúpa er fullkomin hressing. Gjörið svo vel.



- kemur með góða bragðið!



Alltaf dálítið óþekkir hjá Samsölunni

- segir Ólafur E. Ólafsson, bifreiðastjóri
og fyrrverandi stjórnarmaður í Dagsbrún og Eflingu



Lengst af starfaði Ólafur á Emmess bílnum og færði fólki um allt land Emmess ísinn.

Um miðjan nóvember síðastliðinn, hætti Ólafur E. Ólafsson, bifreiðastjóri störfum hjá Emmess Ís eftir 41 árs farsælt starf. Hann var lengi trúnaðarmaður starfsmanna hjá Mjólkursamsölunni og átti sæti í stjórn Dagsbrúnar og síðan Eflingar til ársins 2000. Við þessi merku tímamót heimsótti fréttablaðið Ólaf í Kópavoginn, þar sem hann býr í lágreistu og hlýlegu húsi, ásamt eiginkonu sinni Sólveigu Grímsdóttur, þeirra erinda að spyrja hann aðeins um ævistarfið.

Ég fæddist á Þorlákssstöðum í Kjós 21. apríl 1933 og ólst þar upp. Þar bjuggu foreldrar mínir við frumstaðar aðstaður eins og tíðkaðist á þeim tíma. Þau voru með kýr og kindur og nokkra hesta. Við erum 5 systkinin og á veturna var mikið að gera í kringum búpeninginn en á sumrin fór meiri tími í heyskapinn.

Sautján ára gamall fór ég svo að vinna hjá Ræktunarsambandi Kjalanesþings og gekk þá í

verkalýðsfélagið Esju sem seinna sameinaðist Dagsbrún.

Mig minnir að ég hafi verið 21 árs þegar ég flutti til Reykjavíkur eða um 1954. Þá fór ég að vinna sem bifreiðastjóri hjá Mjólkursamsölu Reykjavíkur, við dreifingu á mjólkurafurðum í gömlu mjólkurbúðirnar. Um svipað leyti gekk ég í Dagsbrún. Hjá Samsölunni var ég í 7 ár. En síðan var ég hjá Emmess Ís í 41 ár og var eini bílstjórinn í byrjun.

Fyrstu árin var ísinn keyrður til umboða úti á

Ég var fyrst kosinn trúnaðarmaður hjá Mjólkursamsölunni í apríl 1973 og fékk afhent skírteini, undirritað af Eðvarði Sigurðsyni



landi og þá þurfti maður að keyra allan hringvegin, og líka vestur á firði. Það var svo ekki fyrr en um 1990 að þetta breyttist. Þá var landinu skipt í svæði og ég fékk úthlutað svæðinu fyrir norðan Holtavörðuhéið að Mývatni. Um þetta svæði keyrði ég svo vikulega bæði sumar og vetur og dreifði Emmess ísnum í verslanir. Á veturna kom ég í bæinn á miðvikudögum en á sumrin aðfaranótt föstudags. Maður þurfti að koma í bæinn til að lesta fyrir næsta mánudag. Þetta var ekki ólíkt því að vera á sjó. Ég var mikið fjarverandi frá heimilinu, og konan mín var orðin dálítið þreytt á því í seinni tíð en hún fann ekki eins fyrir því meðan börnin voru ung.

Þú hlýtur að hafa orðið fyrir einhverjum áföllum á ferðum þínum um landið sérstaklega á veturnum?

Oft í brjáluðum veðrum

Já, því er ekki að neita, en ég velti aldrei bíl-um eða svoleiðis, þó að maður þyrfti oft að berjast áfram í brjáluðum veðrum og hálfu. Það versta sem ég lenti í var þegar bíllinn hjá mér rann niður gilið á Akureyri. Þetta skeði snemma morguns. Ég var að fara frá KEA, sem leið lá upp brekkuna. Þegar ég var kominn alveg upp að sundlauginni, komst bíllinn ekki lengra og fór að renna aftur á bak niður gilið. Ég varð auðvitað hálf smeykur og man



Heima í Melgerðinu með Sólveigu sem hefur líka verið virk í verkalyðsmálum hjá Eflingu

að ég vonaði að það yrði enginn bíl á vegi mínum. En sem betur fer lenti bíllinn á horni hússins fyrir ofan Mjólkursamlagið. Þar snérist hann við og stoppaði, þannig að framendinn snéri niður gilið. Þá leið mér betur. Farið eftir bíllinn sést ennþá á húsinu.

Hvenær hófust afskipti þín af félagsmálum hjá Dagsbrún?

Ég var fyrst kosinn trúnaðarmaður hjá Mjólkursamsölunni í apríl 1973 og fékk afhent skírteini, undirritað af Eðvarði Sigurðsyni. Ég



Nicotinell®

Njóttu lífsins reyklauss á nýju ári!

Nicotinell lyfjatyggigúmmið fæst með lakkris-, ávaxta- og mintbragði.

Dreptu í með Nicotinell

Fæst í næsta apóteki



NOVARTIS
CONSUMER HEALTH

Nicotinell tyggigúmmi er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem loftar þegar tyggð er, frásogast í munnum og dregur úr bráðstærkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingapörf. Skammtur er einstakingsbundinn, en ekki má tyggja fleir en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hika og eringum í meltingartræjum. Sjúklingar með slæma hjarta- og aðalþráðum eiga ekki að nota nikótínlyf nema í samráði við lækni. Nicotinell tyggigúmmi er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við aðil. Kyndið þúkur vel laddaþingur sem fylgja pakkingunni. Geymið þer sem börn hvort ná til nó sjá.



„Stórkostlegt að við skildum vinna málið“ segir Ólafur

kynntist honum á þessum árum og líkaði mjög vel við hann. Árið 1980 var ég svo kosinn í stjórn Dagsbrúnar. Þá var Guðmundur J. Guðmundsson varaformaður. Ég vann mikið með honum og við vorum góðir vinir, þó að við værum ekki alltaf sammála. Seinna varð ég formaður uppstillingarnefndar Dagsbrúnar og síðan hjá Eflingu og átti sæti í stjórn Eflingar til ársins 2000. Þá hætti ég öllu vafstri í félagsmálum.

Þú tókst þátt í sameiningarferlinu þegar Efling varð til, hvernig var að taka þátt í þeirri vinnu?

Alltaf hlynntur sameiningunni

Ég var alltaf hlynntur sameiningunni en mér fannst hlutirnir gerast dálítið hratt. Þá var Halldór Björnsson tekinn við formennsku í félaginu og stýrði þessu verki af mikilli ábyrgð.

Hvað er þér minnstæðast úr kjarabaráttunni?

Ætli það sé ekki mál sem kom upp í Mjólkursamsölunni fyrir nokkrum árum. Við vorum alltaf dálítið óþekkir, og beittum stundum þrýstingi til að fá mál í gegn. Í þetta skiptið kom upp ágreiningur um ábatagreiðslur, sem við höfðum fengið í nokkurn tíma og okkur fannst vera orðnar of lágar, og vildum fá hækkaðar. Það vildu þeir hjá Mjólkursamsölunni ekki fallast á. Þá fórum við í nokkur stutt setuverkföll og á endanum náðust samningar sem allir gátu fallist á. Um næstu mánaðamót þegar launin voru greidd út kom í ljós að tímarnir sem höfðu farið í setuverkfallið, höfðu verið dregnir af laununum. Það gátum við ekki sætt okkur við og eftir nokkurt þref, fór málið fyrir dóm og við unnum málið. Það fannst mér alveg stórkostlegt.

Núna er liðin nær hálf öld síðan þið hjónin kynntust ?

Já, ég hitti eiginkonu mína, Sólveigu Grímsdóttur, fyrst á gömlu dönsunum í Breiðfirðingabúð 1954. Síðan leiddi hvað af öðru, og svo giftum við okkur á annan í jólum 1956. Við eigum þrjú börn, tvær stúlkur og dreng, og förum alltaf á gömlu dansana ef við fréttum af balli.

Hvað tekur við hjá þér núna þegar þú ert hættur að vinna?

Ég er að bíða eftir að fara í hjartaaðgerð og ef hún tekst vel ætla ég að njóta lífsins. Við hjónin höfum gaman af að ferðast og eigum ábyggilega eftir að gera meira af því. Reyndar vorum við búin að kaupa okkur ferð til Kanaríeyja og ættum að vera þar um þessar mundir en vegna aðstæðna urðum við að hætta við í bili, sagði Ólafur að lokum.



1% eða 2,4% mótframlag frá atvinnurekanda! Hvort velur þú?

Í dag greiða launagreiðendur 1% í séreignarsjóð fyrir þá sem ekki hafa gert samning um séreignarsparnað. Ert þú einn af þeim? Ef svo er, átt þú samkvæmt kjarasamningum rétt á meiru eða allt að 2,4% mótframlagi frá launagreiðanda og ríki, ef þú greiðir sjálf/ur í séreignarsjóð.

Munurinn á 1% og 2,4% er mikill, sérstaklega þegar horft er til lengri tíma sbr. dæmið hér að neðan. Blái liturinn táknar mótframlögin en guli þitt eigið framlag.


Það sýnir sig best á þessari mynd að það borgar sig að taka þátt í sparnaðinum og ná þannig hámarks mótframlögunum sem búið er að semja um í kjarasamningum.

Lítum nánar á dæmið:

Setjum upp dæmi um mann, sem er með 100.000,- kr. laun og gerir ekki samning um séreignarsparnað, þá fær hann aðeins 1% eða 1.000,- kr. á mánuði frá launagreiðanda. Ef miðað er við 5% vexti, á þessi maður eftir 25 ára sparnað **588.236,-kr.**

Ef sami maður gerir hins vegar samning, greiðir sjálfur 4%, og fær þar með hámarks mótframlög 2,4%, hér 2.400,-kr. og miðað er við 5% vexti, á hann uppsafnað eftir 25 ár **3.748.701,-kr.**

Munurinn er rúmlega 3 milljónir!!



Ávinningurinn af því að greiða sjálfur er greinilegur!

Hugsaðu málið! ef þú ert þátttakandi og leggur aðeins til hliðar sjálf/ur nærðu hámarks mótframlögum. Ávinningurinn er eingöngu þér í hag!



UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI FRAMSÝNAR

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Framsýnar og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Framsýnar telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Framsýnar sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Framsýnar inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Löggjald sem nemur að hámarki 4% af löggjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifli umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Framsýnar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- | | |
|---|---|
| ☐ Framtíðarsýn 1
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35% | ☐ Framtíðarsýn 2
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20% |
|---|---|

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Framsýnar

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Framsýnar, Sættún 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósið af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Vinnustaðafundur á Grund

Tímabært að fá forystumenn til okkar

- segir Magðalena Kristinsdóttir

Forystumenn Eflingar hafa að undanfögnu haldið fundi með félagsmönnum úti á vinnustöðum. Á dögunum heimsóttu þau Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Guðmundur Þ Jónsson og Sigurlaug Gröndal Grund í Reykjavík. Fréttablaðið spjallaði við Magðalenu Kristinsdóttur eftir fundinn og hún var fyrst spurð hve lengi hún hefði starfað á Grund.

Magðalena sagðist hafa unnið við umönnun á Grund síðastliðin sex ár. Ég er mjög ánægð hvað þessi fundur var vel sóttur. Það sýnir að það var orðið mjög tímabært að fá forystumenn í Eflingu til að upplýsa okkur um ýmis



Magðalena Kristinsdóttir

mál. Það kom mest á óvart sem fram kom um félagsliðanámið og líka að félagið tekur þátt í gleraugnakaupum. Ég var kosin önnur af tveim trúnaðarmönnum starfsmanna í umönnun og vona að ég eigi eftir að standa mig. Eftir fundinn, heyrði ég ekki annað en að fundarmenn hefðu verið afskaplega ánægðir og töldu hann hafa verið mjög gagnlegan, sagði Magðalena.

Stutt starfsnám - ný tækifæri!

Einstaklingar og fyrirtæki!

Löntæknistofnun býður markvisst starfsnám á mörgum sviðum:

Rannsóknarnám: 150 stunda bóklegt og verkefni nám, ætlað starfandi og verðandi rannsóknarmönnum.

Umsjónarmenn fasteigna: 100 stunda nám og æfingar, ætlað starfandi og verðandi umsjónarmönnum fasteigna og húsvörðum.

Þjónustustjóri: 100 stunda nám, verkefnavinna og æfingar, ætlað starfandi og verðandi þjónustustjórum.

Umhverfisfulltrúi: 100 stunda nám, æfingar og verkefnavinna, fyrir starfsmenn sem ætlað er að hafa umsjón með umhverfismálum í smærri fyrirtækjum eða einingum fyrirtækja.

Stjórnun og rekstur mótuneyta: 100 stunda nám, sýnikennsla og verkefnavinna, ætlað starfandi og verðandi stjórnendum í eldhúsum og mótuneytum.

Ræstingastjóri: 70 stunda nám, verkefni og æfingar, ætlað starfandi og verðandi ræstingastjórum.

Þróunarstjóri: 130 stunda fræðilegt nám með dæmum og hagnýtum verkefnum, ætlað starfsmönnum fyrirtækja sem vinna að nýsköpun og þróun vöru og þjónustu.

Vinnuvélstjóri: 80 stunda bóklegt réttindanám, til undirbúnings verklegri þjálfun á vinnuvélar.

Verkstjórnarfræðslan: 100 stunda nám, með verkefnum og æfingum fyrir starfandi og verðandi verkstjóra.

Verkstjórn unglings: 30 stunda nám með æfingum og dæmum, ætlað ungum verkstjórum í sumarstörfum.

Rekstur gistiheimilis: 60 stunda nám með æfingum og verkefnum, ætlað starfandi og verðandi rekstrar- aðilum.

**NÁM
SKEIÐ**

Nánari upplýsingar í sínum 570 7100, 570 7289 og á vefsíðu okkar www.iti.is

Löntæknistofnun

Fæðingarorlof lengist 2003

Þriðji mánuður fyrir feður bætist við



Í nýjum fæðingarorlofslögum eykst réttur fedra árlega þar til að þremur mánuðum er náð. Nú um áramótin er lokaáfangi laganna náð en þá öðlast feður rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs.

Rétturinn er þá þannig að móðir á þrjá mánuði og faðir á þrjá mánuði og sameiginleg ákvörðun er um þrjá mánuði til viðbótar. Þetta er verulega mikil aukning á réttindum því nú á barnið rétt á að eiga samvistir við foreldra sína fyrstu níu mánuði ævinnar.

Margir feður taka hluta fæðingarorlofsins við fæðingu barnsins og eiga þá eftir hluta til að taka þegar rétti móður lýkur. Mjög misjafnt er hvernig fólk nýtir þennan rétt en í lögunum og allri umræðu sem átt hefur sér stað um tilgang þessarar breytingar var að gefa feðrum rétt til að taka þátt í uppeldi og umönnun barns á fyrstu mánuðum þess og einnig til að skapa þann sveigjanleika að faðir gæti verið heima þegar fæðingarorlofi móður lyki þannig að barnið nýti lengri tíma með foreldrum sínum.

Ævintýraferð Eflingar næsta sumar

Blóðrætt sólarlag í Skagafirði



Þórðarhöfði í Skagafirði

Efling-stéttarfélag hefur nú undirbúið ferð norður á Sauðárkrók sumarið 2003. Farið er í ferðina 3. júlí og heimkoma 6. júlí. Gist er á Hótel Áningu Sauðárkróki í blandaðri gistingu þannig að bæði eru frátekin 2 manna herbergi með baði og 3-4 manna herbergi án baðs.

Ekið er norður á Sauðárkrók með viðkomu á nokkrum áhugaverðum stöðum á leiðinni. Dagskrá næstu daga er á þá leið að annan daginn er ekið að Hofsósi og síðan norður á Siglufjörð þar sem bærinn er skoðaður og valdir staðir á leiðinni. En hinn daginn er gert ráð fyrir siglingu út í Drangey fyrir þá sem það kjósa en aðrir geta farið í ferð sem skipulögð verður

miðað við fjölda. Þessi dagskrá fer að einhverju leyti eftir veðri en verður einnig kynnt sérstaklega í orlofsblaði félagsins í mars.

Sjá nánar um ferðamál á bls. 51.

Verð á mann í tveggja manna herbergi með baði **17.000.-**

Verð á mann í 3-4 manna herbergi **13.000**

Greitt er sér fyrir **siglingu í Grimsey**

Boðið verður upp á **two kvöldverði** í ferðinni.

Innritun frá **24. febrúar** hjá Hildi Kjartansdóttur og Huldu Hafsteinsdóttur í síma 510 7500



Páskaúthlutun orlofshúsa Eflingar

Tekið við umsóknum til 21. mars

Tekið verður við umsóknum um orlofshús til 21. mars n.k. Umsóknir og upplýsingar um húsin liggja frammi á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1, 105 Reykja-

vík og á heimasíðu félagsins www.effling.is. Hægt er að fá eyðublað sent á faxi og með pósti.

Landssvæði	Fjöldi húsa	Verð	Punktafrádrag
Úthlíð - með potti	3	12.500 kr.	60
Flúðir - með potti	1	12.500 kr.	60
Ölfusborgir - með potti	10	12.500 kr.	60
Kirkjubæjarklaustur	3	10.500 kr.	48
Svignaskarð - stór m/potti	6	12.500 kr.	60
Svignarskarð - lítil m/potti	7	10.500 kr.	48
Skorradalur	1	13.000 kr.	60
Húsafell - með potti	3	12.500 kr.	60
Akureyri	6	10.500 kr.	48
Arnarstapi	1	12.500 kr.	48
Stykkishólmur	1	12.500 kr.	48

Úthlutun mun liggja fyrir 26. mars og greiðslufrestur hjá þeim sem fá úthlutað er til 3. apríl n.k.

Húsin verða leigð í viku frá 16. apríl - 23. apríl n.k. Úthlutað er eftir punktakerfi sem byggist á iðgjaldasögu félagsmanna síðustu 12 ár.

Hægt er að senda okkur tölvupóst á netfangið fjola@effling.is og þarf þá að koma fram nafn, kennitala og hvaða hús er sótt um í fyrsta val, annað val, allt að 6 möguleika.

Ekki verður tekið á móti umsóknum símléiðis



Svignaskarð - minni

Leigutími: allt árið

Sjö hús með potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir fimm manns.



Svignaskarð

Leigutími: allt árið

Sex hús með potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta manns.



Hvammur í Skorradal

Leigutími: allt árið

Stærsta hús félagsins um 160 fermetra með sex svefnherbergjum með vaski, eldhús með frystiskápi, tvö baðherbergi, stofa og borðstofa. Alls geta gisti þar níu manns í rúmum og fjórir á dýnum auk barnarúma. Sængur eru fyrir tólf.



Húsafell

Leigutími: allt árið

Þrjú hús með heitum potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, stofa eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir sex til sjö manns.



Íbúðir á Akureyri

Leigutími: allt árið

Sex íbúðir eru á Akureyri. Í íbúðunum eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús með borðkrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir fjóra til sjö. Aukadýnur fylgja. Sængur eru fyrir fimm til sjö manns.



Kirkjubæjarklaustur

Leigutími: allt árið

Þrjú orlofshús. Í tveimur húsanna eru þrjú svefnherbergi en einu tvö svefnherbergi auk svefnlofts, stofu, borðstofu með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns og sængur fyrir jafnmarga.

Flúðir Ásabyggð

Leigutími: allt árið

Eitt hús með heitum potti. Húsið er með tveimur svefnherbergjum, svefnlofti, eldhúsi með borðkrók, stofu og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta.



Úthlíð

Leigutími: allt árið

Þrjú orlofshús með heitum potti. Svefnpláss er fyrir fimm í tveimur svefnherbergjum auk svefnlofts með dýnum fyrir fjóra til sex til viðbótar. Sængur eru fyrir 10 manns.



Ölfusborgir

Leigutími: Allt árið

Vetrarleiga í þjónustumiðstöð s: 483 - 4260, má. - þri. 13 - 16.30 (fyrir utan páska) fim. - fös. 13 - 16.30

Tíu orlofshús með heitum potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða og sængur er fyrir sex manns.



Arnarstapi

Leigutími: sumarleiga og páska

Leiguhús á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi með svefnplássi fyrir sex auk svefnlofts með fjórum dýnum, stofa, eldhús og bað með sturtu.



Stykkishólmur

Leigutími: sumarleiga og páska

Leiguhús að Reitavegi 4a Stykkishólmi. Húsið er staðsett rétt ofan bæjarins með stórbrotnu útsýni yfir Breiðafjörð. Tvö svefnherbergi eru í húsinu með rúmum fyrir sex og fjórar aukadýnur, 10 sængur, stofa, eldhús og bað með sturtu.



Páskaúthlutun

Ekki verður tekið á móti umsóknum símleiðis

Hvaða námsstyrki get ég fengið hjá Eflingu?

Stórhækkun námsstyrkja

- hækkun úr 27.000
í 35.000 hjá Starfsafli



Rósa Jónsdóttir hjá Mimi-starfsmenntun ehf hefur liðsinnt mörgum félagsmönnum Eflingar í tölvunámi

Ákveðið hefur verið að hækka styrki sem Eflingarfélagar á almennum markaði geta sótt í starfsmenntasjóð Eflingar-stéttarfélags (Starfsafli). Eftir hækkunina getur einstaklingsstyrkur verið allt að 35.000 á ári og endurgreiðsluhlutfall er hækkað úr 60% í 75%. Styrkir til Eflingarfélaga hjá ríki, sveitarfélögum og hjúkrunarheimilum geta verið allt að 44.000 og endurgreiðsluhlutfall þar er einnig 75%.

Á ég rétt á styrk?

Til þessa að eiga full réttindi þarf umsækjandi að hafa verið í félaginu í 12 mánuði áður en nám eða námskeið er sótt og hafa greitt lágmarksfélagsgjöld 10.500 á liðnum 12 mánuðum (10.900 hjá starfsmenntasjóðum opinberra starfsmanna). Til þess að sækja um styrk þarf að koma með reikning fyrir viðkomandi námi og staðfestingu á að hafa lokið náminu (eða námsáfangi). Þá er einnig nauðsynlegt að vera með afrit af síðasta launaseðli.

Hvaða nám er styrkt?

Starfsmenntasjóðirnir styrkja allt nám sem eykur starfshæfni og færni félagsmanna, hvort

heldur er til núverandi starfa eða annarra starfa. Hér má nefna tungumálanám, tölvunám, almennt nám við öldungadeildir framhaldsskóla og námsflokka, iðnnám, meira- prófsnám og ýmislegt annað. Sem dæmi þá þarf Eflingarfélagi sem fer á tölvunámskeið sem kostar 45.000 aðeins að greiða 11.250 fyrir námið - mismunurinn er endurgreiddur. Hægt er að nýta námsstyrki í fleiri en eitt námskeið á árinu.

Hægt er að sækja um styrki fyrir tólmstundanámi en þeir námsstyrkir eru mun lægri. Starfsmenn hjá ríki og borg geta sótt um allt að 17.000 vegna tólmstundanáms en félagsmenn á almennum markaði 10.000. Hámarksendurgreiðsluhlutfall vegna tólmstundanáms er 50%.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500 eða með tölvupósti á efling@efling.is

Svo er bara að skella sér á námskeið!



**Morgun, síðdegis- og kvöldnámskeið
í Miðbæjarskóla og Mjódd**

INNTRITUN Í PRÓFANÁM:

Grunnskóli, framhaldsskóli og fjarnám:

Heilsugæslubraut og Félagsliðabraut.

7. - 13. janúar '03, kl. 9:00-19:00

Kennsla hefst 15. janúar '03

INNTRITUN Í FRÍSTUNDANÁM:

Fjölbreytt tungumál, handverk, myndlist.

13. -17. janúar '03, kl. 9:00-21:00

Kennsla hefst 20. janúar '03

INNTRITUN Í ÍSLENSKU FYRIR ÚTLENDINGA:

Stig 1- 5, talflokkar og ritun.

Enrollment in Icelandic for foreigners:

16. - 24. janúar '03 kl. 9:00-21:00

Kennsla hefst (classes begin) 27. janúar '03

Stöðupróf í íslensku: Lau. 18.jan. kl 12:00-14:00

Innritun fer fram í Miðbæjarskóla, Fríkirkjuvegi 1

Upplýsingar í síma: 551 2992

Netfang: nfr@namsflokkar.is

Vefsíða: www.namsflokkar.is

Kennt er í Miðbæjarskólanum og í Mjódd, Þönglabakka 4.

SVO LENGI LÆRIR SEM LIFIR

Félagsleg fræðsla hjá Eflingu - stéttarfélagi vorið 2003

- námskeið um menningarmun og fjármál heimilanna meðal nýjunga

Efling - stéttarfélag mun að venju bjóða fjölbreytt úrval félagslegra námskeiða nú á vormánuðum, bæði fyrir trúnaðarmenn sem og almenna félagsmenn. Trúnaðarmannanámsskeið I og II verða haldinn í febrúar og mars og þrjú eins dags framhaldsnámskeið verða sett á fyrir trúnaðarmenn sem hafa lokið trúnaðarmannanámsskeiði II. Þá verða haldin sjálfstyrkingarnámskeið og starfslokanámskeið fyrir alla félagsmenn ásamt því sem sett verður á námskeið í fjármálum heimilanna ef þátttaka verður næg.

Framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn

Framhaldsnámskeiðin fyrir trúnaðarmenn taka hvert um sig á einu máli sem sérstaklega brennur á trúnaðarmönnum. Fyrsta framhaldsnámskeiðið verður haldið 6. febrúar og mun taka á persónuvernd og réttarstöðu launamannsins. Á þessu námskeiði verður tekið á álitamálum sem snúa að persónuvernd launamannsins s.s. vegna myndavéla á vinnustað, GPS tækjum í vinnubílum eða tölvupóst á vinnustað. Í mars verður fjallað almennt um samskipti og lausn ágreinings á vinnustað, nokkuð sem allir trúnaðarmenn þurfa að taka á í sínu starfi. Í apríl verður í fyrsta skipti sérstakt námskeið um menningarmun og samskipti á vinnustöðum þar sem starfsfólk af erlendu bergi brotið starfar. Trúnaðarmenn okkar þurfa í vaxandi mæli að glíma við viðfangsefni sem snúa að mismunandi bakgrunni; menningu, hefðum og siðum erlendra félagsmanna og því full þörf á að kynna grundvallaratriði í þeim efnum fyrir trúnaðarmönnum.

Öll eru þessi námskeið einn dagur og þeir trúnaðarmenn sem hafa lokið trúnaðarmannanámsskeið II geta skráð sig á þau. Athugið þó að kynna ykkur rétt samkvæmt ykkar kjarasamningum til að sækja námskeiðið.

Námskeið um fjármál heimilanna

Efling mun í vor taka upp á þeirri nýbreytni að vera með sérstök námskeið um fjármál heimilanna ef þátttaka verður næg. Á þessu námskeiði verður tekið á ýmsum þáttum í rekstri heimilanna og kynnt hvernig heimili geta sparað sér óþarfa útgjöld með svöltili aðgát og aðhaldssemi. Þetta námskeið er bráðnauðsynlegt fyrir alla og það kemur sífellt á óvart hvernig hægt er að skera niður útgjöld án þess að hafa of mikið fyrir því.

Sjálfstyrking og starfslokanámskeið

Við munum að sjálfsögðu vera með hin sívinsælu sjálfstyrkingarnámskeið og halda nú í annað sinn sérstakt framhaldsnámskeið í sjálfstyrkingu fyrir þá sem hafa farið á fyrra námskeiðið. Einnig verða starfslokanámskeiðin haldin fyrir eldri félagsmenn sem eru að undirbúa starfslok á vinnumarkaði þar sem farið er í réttindi og skyldur þeirra sem nálgast þennan áfanga.

Athugið að öll félagsleg námskeið á vegum Eflingar eru félagsmönnum að kostnaðarlausu og eru haldin í fræðslusetri félagsins að Sætúni 1, 4. hæð.

Félagsleg námskeið vorið 2003 hjá Eflingu - stéttarfélagi

Námskeið	Dagsetning	Tími	Fyrir hverja
Trúnaðarmannanámsskeið I	3. febrúar til 7. febrúar	9:00 - 16:00	Trúnaðarmenn
Trúnaðarmannanámsskeið II	3. mars til 7. mars	9:00 - 16:00	Trúnaðarmenn sem hafa lokið námskeið I
Trúnaðarmannanámssk. framhald:			
Persónuvernd og réttarstaða launamanna	6. febrúar	9:00 - 16:00	Trúnaðarmenn sem hafa lokið námskeiði II
Trúnaðarmannanámssk. framhald:			
Samskipti og lausn ágreinings	12. mars	9:00 - 16:00	Trúnaðarmenn sem hafa lokið námskeiði II
Trúnaðarmannanámssk. framhald:			
Menningarmunur á vinnustað	10. apríl	9:00 - 16:00	Trúnaðarmenn sem hafa lokið námskeiði II
Sjálfstyrking I	28., 30. jan. og 4. feb.	19:00 - 22:00	Alla félagsmenn
Sjálfstyrking I	25., 27. feb. og 4. mars	19:00 - 22:00	Alla félagsmenn
Sjálfstyrking framhald	17., 19., og 24. mars	19:00 - 22:00	Alla félagsmenn
Starfslokanámskeið	21., 23. og 25. jan.	19:00 - 22:00 / 10:00-14:00	65 ára og eldri félagsmenn
Starfslokanámskeið	25., 27. feb. og 1. mars	19:00 - 22:00 / 10:00-14:00	65 ára og eldri félagsmenn
Fjármál heimilanna	Mars/Apríl	19:00 - 22:00	Alla félagsmenn

Upplýsingar og skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500. Kennsla fer fram á Fræðslusetri Eflingar Sætúni 1.

Kjarasamningsbundin námskeið

Starfstengd námskeið 2003

Leikskólar

Fagnámskeið I verður haldið 3.-14. febrúar 2003.

Fagnámskeið I verður haldið 17.-27. febrúar 2003. Kennt verður frá kl. 8:45-16:00.

Námskeiðin eru tvö vegna mikillar þátttöku og er ætlast til að starfsmönnum sé dreift á námskeiðin eftir þörfum hvers vinnustaðar.

Kennt verður í Mjódd.

Fagnámskeið II verður haldið 5.-23. maí 2003
Kennt verður frá kl. 8:45 - 16:00

Umönnun aldraðra og fatlaðra

Fagnámskeið II verður haldið 12. febrúar- 19. mars 2003 kennt verður á mánud., þriðjud. og fimmtudögum kl.13:00- 17:15. Þessi tímasetning er gerð í tilraunaskyni vegna erfiðleika við mönnun á námskeiðstímum.

Kennsla fer fram í Námsflokkum Reykjavíkur í Mjódd

Eldhús, ræsting, býtibúr og þvottahús

Fagnámskeið II verður haldið 10. mars - 9. apríl 2003. Kennt verður á mánudaga, þriðju-



daga. og fimmtudaga kl.13:00- 17:15. Þessi tímasetning er gerð í tilraunaskyni vegna erfiðleika við mönnun á námskeiðstímum.

Kennsla fer fram í Mjódd.

Námskeið Vinnueftirlitsins

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Fyrir öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði, trúnaðarmenn o.fl. — 2 eða 3 dagar.	Stjórn byggingakrana – Réttindanámskeið — 3 dagar.
Fyrir verkstjóra, deildarstjóra og aðra stjórnendur — 2 eða 3 dagar.	Námskeið um meðferð sprengiefna – Réttindanámskeið — 5 dagar.
Sérnámskeið að ósk þátttakenda — 1/2 eða 1 dagur.	Um flutning á hættulegum farmi - Grunnnámskeið – Réttindanámskeið fyrir bílstjóra — 3 dagar.
Vinnustaðafundur eða fyrirlestrar — 1-2 klst.	Viðbótarnámskeið við grunnnámskeið um flutning á hættulegum farmi - Réttindanámskeið: - Um flutning í tönkum — 2 dagar. - Um flutning á sprengifimum farmi — 1 dagur. - Um flutning á geislavirkum farmi — 1 dagur.
Um stjórn og meðferð lyftara og minni vinnuvéla — Réttindanámskeið — 2 dagar.	

**Leitið nánari upplýsinga um námskeiðin
hjá Vinnueftirlitinu, á heimasíðunni
eða í síma 550 4600.**



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík
Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – www.vinnueftirlitid.is

Lærðu á tölvuna þína fyrir 375 krónur

Starfsfræðslusjóðir Eflingar styrkja tölvubókakaup!

- Fá afslátt og 75% styrk til kaupa á sjálfsnámsheftunum
- Hvert hefti kostar þá 375 kr. í stað 2.180



Starfsmenntasjóðir Eflingar-stéttarfélags hafa ákveðið að félagsmenn sem eru á vinnu-markaði geti nýtt sér einstaklingsstyrki sína til kaupa á heftum í ritröðinni - á eigin spýtur sem Hemra ehf. gefur út, enda um ígildi námskeiðs að ræða. Alls hafa komið út 30 titlar í ritröðinni og sífellt bætast fleiri við.

Heimsendingarþjónusta

Styrkurinn nemur 75% af hverju hefti, en auk þess náðist samkomulag um sérstakt tilboðsverð til Eflingarfélaga. Þetta þýðir að félagsmenn fá hvert hefti á 1.500 kr. hjá útgáfunni, á sama tíma og leiðbeinandi verð út úr verslun er 2.180 kr., og þegar styrkur fræðslusjóðs bætist við kostar hvert hefti félagsmenn aðeins 375 kr. í stað 2.180 kr. Það munar um minna!

Fyrirkomulagið er þannig að félagsmenn geta hringt í síma 511-4250 til að panta þau hefti sem þeir hafa áhuga á, sent tölvupóst á netfangið stymir@baekur.is eða pantað beint á vef Hemru www.baekur.is. Heftin eru síðan send án aukakostnaðar ásamt reikningi. Honum þarf síðan að framvísa hjá Eflingu til að fá 75% upphæðarinnar endurgreidd.

Mest seldu tölvubækurnar

Sjálfsnámsheftin í ritröðinni „Á eigin spýtur“ eru langmest seldu tölvubækur á Íslandi og njóta vinsælda víða um heim. Efni þeirra

spannar flest svið tölvuvinnslu, eins og sést á listanum hér á síðunni. Lesandinn er leiddur skref fyrir skref frá einföldustu aðgerðum í gegnum þær flóknari þannig að hann á að geta tileinkað sér tölvutæknina án frekari aðstoðar. Farið er yfir fjölda dæma og æfinga. Hundruð skjámynda sem eiga að samsvara því sem er á skjá lesandans eru svo til verulegs stuðnings. Þannig er auðvelt að rétta af kúrsinn ef farið er út af sporinu. Heftin henta jafnt byrjendum sem lengra komnum, þeir síðartöldu fá handhægt uppflettirit í hendurnar en hinir ítarlega kennslubók.

Þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin á tölvubrautinni er sérstaklega bent á Tölvur og Netið - fyrir (algjöra) byrjendur. Eftir að hafa farið í gegnum það hefti er svo hægt að byggja ofan á þekkinguna með öðrum heftum í ritröðinni.

Með samningi Starfsafls og Hemru hefur opnast afar hagkvæm leið fyrir félagsmenn sem vilja læra á tölvu eða bæta við sig þekkingu og halda henni við með sjálfsnámi. Vonandi nýta sem flestir sér þennan möguleika.

Ítarlegar upplýsingar um hvert hefti fyrir sig er að finna á vef Hemru: www.baekur.is.

Pakkatilboð

Í tilefni samnings Efling og Hemru býðst félagsmönnum sérstakt tilboð sem gildir út febrúarmánuð. Þú getur valið einn af pökkunum hér fyrir neðan að verðmæti 6.560 en greiðir aðeins 1.000 kr. þegar tillit hefur verið tekið til 75% styrks frá Starfsafla. Og ef þú kaupir alla þrjá pakkana - alls níu hefti - greiðirðu aðeins 2.700 kr. eða 300 kr. fyrir eintakið ef miðað er við 75% styrk.

Pakki 1 - Grunnur: Windows, Word og Netið.

Pakki 2 - Office-forrit: Excel, PowerPoint og Access.

Pakki 3 - Vefsmíðar: HTML, Dreamweaver og Myndvinnsla.



Laug, ljós & líkamsrækt

Heilsubót á besta stað.


**Sundlaug
Kópavogs**

Opið:	Sumar	Vetur
Virka daga:	6.30–22	6.30–22
Helgar:	8–19	8–18

Lokaráðstefna um námsráðgjöf á vinnustöðum

Efling - stéttarfélag í alþjóðlegu samstarfi

- Niðurstöður nýttar í námsráðgjöf til Eflingarféлага



Garðar Vilhjálmsson tók þátt í verkefninu sem fjallaði um námsráðgjöf á vinnustöðum

Alþjóðlegu samstarfsverkefni sem Efling og Starfsafl tóku þátt í og fjallaði um námsráðgjöf á vinnustöðum lauk formlega í lok síðasta árs. Verkefnið stóð í tvö ár og var styrkt af starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins (Leonardó-áætluninni). Samstarfsaðilar komu frá níu öðrum Evrópuþjóðum og allir samstarfsaðilar gerðu tilraun í sínu heimalandi með ákveðna útfærslu á námsráðgjöf fyrir almennt launafólk eða lögðu mat á tilraunir sem þegar höfðu verið gerðar.

Uppruna þessa verkefnis má rekja til þess að nú þegar starfsmenntun og aukin símenntun launafólks á vinnumarkaði á vaxandi fylgi að fagna hefur ekki verið lögð áhersla á ráðgjöf eða leiðbeiningar samhliða framboði og stuðningi við starfsmenntun. Almenn er staðan sú að nemendur í skóla eða þeir sem eru atvinnulausir eiga kost á ráðgjöf um nám eða störf en fólk á vinnumarkaði sem vill auka hæfni sína og bæta þekkingu á ekki kost á ráðgjöf eða til sögn um það mikla og vaxandi framboð á starfsmenntun og almennu námi sem í boði er.

Lokaráðstefna verkefnisins var haldinn í borginni Alicante á Spáni og þar kynntu allir samstarfsaðilar sín verkefni. Ýmsar gagnlegar upplýsingar komu fram á þessari lokaráð-

stefnu um það hvernig heppilegt er að bera sig að við námsráðgjöf við almennt launafólk og ýmis sjónarhorn voru viðruð. Sérstaklega var gagnlegt að fá fram mismunandi sjónarhorn þeirra sem veita ráðgjöfinna, samtaka atvinnurekenda og svo samtaka launafólks. En meðal þátttakenda í verkefninu voru atvinnurekenda-samtök á Spáni, vinnumiðlun í Svíþjóð og ráðgjafafyrirtæki í Tékkandi.

Hérlandis bauð Efling uppá námsráðgjöf á tveim vinnustöðum í tengslum við þetta tilrauna-verkefni; í Granda og hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Ráðgjöfin var veitt á vinnustöðunum í vinnutíma og tókst mög vel í alla staði. Reynslan af þessu verkefni hérlandis ásamt með reynslu samstarfsaðila í verkefninu, ekki síst m.t.t. danska verkefnisins, hefur leitt til þess að Efling og starfsmenntasjóður félagsins, Starfsafl, hafa hafið formlega námsráðgjöf fyrir Eflingarféлага úti á vinnustöðum (sjá bls 19).

Hérlandis bauð Efling uppá námsráðgjöf á tveim vinnustöðum; hjá Granda og Orkuveitu Reykjavíkur



Grunnmenntaskólinn með nýju sniði

- skipt í tvær 150 stunda annir

Grunnmenntaskólinn fer af stað nú seinni partinn í janúar með nokkuð nýju sniði. Skólinn skiptist á tvær 150 stunda annir og fer fyrri önnin af stað þann 20. janúar og mun standa til 12. apríl. Stefnt er að því að fara með seinni önnina af stað næsta haust fyrir þá sem vilja halda áfram. Kennt verður á mánudögum og miðvikudögum, klukkan 16:00-20:00 og annan hvern laugardag klukkan 9:00-13:00.

Meginviðfangsefni Grunnmenntaskólans er að kenna nemendum að tileinka sér nýja þekkingu – að læra að læra. Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda í náminu, bæði í upplýsingaöflun og meðferð og miðlun upplýsinga. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð auk þjálfunar í að vinna að lausn með öðrum – vera partur af liðsheild.

Í skólanum er kennd íslenska, stærðfræði, enska, verkefnavinna, vinna við tölvur og þjónusta. Einnig er farið í náms- og starfsráðgjöf, sjálfstyrkingu og samskipti/samvinnu. Allt

námið er miðað við að nemendur hafa í mesta lagi grunnskólapróf, þ.e. hafi ekki stundað nám eftir grunnskóla og að jafnvel sé langur tími liðinn frá því þeir sátu á skólabekk.

Þessi fyrri önn, sem er 150 stundir, hefst nú 20. janúar og stendur fram til 12. apríl. Stefnt er að því að kenna seinni önnina næsta haust en enginn er þó skuldbundin til að fara á síðari önnina þó farið sé í fyrri önnina. Kennt verður á mánudögum og miðvikudögum frá kl 16:00-20:00 og annan hvern laugardag frá kl 09:00-13:00.

Aðeins verður hægt að taka inn 18 nemendur og skólagjald er aðeins 20 000 krónur fyrir allt námið og innifalin eru öll námsgögn. Eflingarfélagar geta sótt um styrk fyrir 75% af þessari upphæð til Starfsmenntasjóða félagsins.

Upplýsingar og umsóknir fást á skrifstofu Eflingar í síma 510 7500.

Að komast yfir þröskuldinn

námskeið fyrir fullorðið fólk með lesröskun

Kennt er á mán. og fim.
10 feb. - 20 mars
kl. 19:30 – 21:30 (36 st.).

Leiðbeinendur: Sveinbjörg
Sveinbjörnsdóttir íslenskukennari og Elín Villhelmsdóttir
sálfræðikennari.

Ekki er nauðsynlegt að hafa
dyslexiugreiningu.

Verð 25.000 kr.

Skráning og upplýsingar:
www.fa.is/framvegis
og í síma 5814914

Lesblindir hafa löngum átt í erfiðleikum í samfélagi hinna lesandi. Talið er að um 15 - 20% fólks eigi við einhvers konar lesröskun að stríða.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur fyrstur framhaldsskóla veitt nemendum með lesröskun sérstaka þjálfun og stuðning. Þar eru einnig haldin námskeið fyrir fullorðið fólk með lesröskun.

Um dyslexíu má lesa á síðinni
www2.fa.is/~sveinbjorg/setur1/index.html

fá → FRAMVEGIS
MESTOÐ EN MÍNSTOÐ Í BILINGU

fál FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA



Efling fær Leonardó styrk

Eflingarfélagar í starfsmannaskipti

Fyrsti hópurinn fer 1. febrúar

Eins og við greindum frá í síðasta fréttablaði sótti Efling-stéttarfélag um styrk til Evrópu-sambandsins í svokallaða mannaskiptaáætlun sambandsins. Efling sótti um styrk fyrir 22 félagsmenn og fékk samþykkt að senda allt að 14 félaga til vikudvalar hjá systurfyrirtækjum erlendis.

Fyrsti hópurinn sem kemur úr Málningu hf. í Kópavogi mun heimsækja málningarverk-smiðjuna Jotun í Sandefjord í Noregi nú í byrjun febrúar. Þar munu þeir kynna sér starfsemi fyrirtækisins ásamt því að fá upplýsingar um það nám og starfsþjálfun sem Jotun býður starfsmönnum sínum uppá.

Síðar á árinu munu félagsmenn Eflingar hjá Hrafnistu og Skógarbæ kynna sér aðhlyningu eldri borgara í Danmörku, starfsmenn heimaþjónustunnar hjá Félagsþjónustu Reykjavíkur munu einnig fara til Danmerkur og kynna sér sambærileg störf, og Eflingarfélagar hjá Vélamiðstöð Reykjavíkur munu fara í kynnisferð til Svíþjóðar.

Skipulag í samvinnu við Eflingu

Ferðirnar eru skipulagðar í samvinnu Eflingar og viðkomandi fyrirtækja en framlag fyrirtækjanna er launakostnaður á meðan að ferðinni stendur. Gert er ráð fyrir því að félagsmenn sem fara í þessar ferðir komi upplýsingum og þekkingu sem þeir afla sér til sinna samstarfsmanna og þannig stuðli þessar heimsóknir að nýjungum ásamt því sem þeir munu kynna sér fræðslumöguleika í stafræðisgreininni.

Efling mun halda áfram að sækja um styrki til þessara mannaskipta og lýsum við hér með eftir áhugasömum félagsmönnum og fyrirtækjum sem vilja vera með í næstu umsókn í febrúar. Umsjón með verkefninu hefur Garðar Vilhjálmsson hjá Eflingu í síma 510-7500.



Education and Culture

Leonardo da Vinci



Allir í jólaskapi

Enn er sú hefð hjá okkur að halda jólaball fyrir börn félagsmanna þó breytingar hafi átt sér stað í gegnum árin. Jólaballið núna um áramótin tókst mjög vel og var haldið í annað sinn í Iðnaðarmannahúsinu við Hallveigarstíg. Séra Bjarni Þór flutti okkur jólahugvektu og sagði börnunum sögur og söng með þeim. Jólasveinar sem eru í dag ómissandi hluti af jólahaldi mættu að sjálfsögðu og fengu öll börn nammipoka hjá þeim og dönsuðu í kringum jólatréð. Kaffiveitingar voru hinar glæsilegustu og börn og fullorðnir skemmtu sér hið besta.

Árið 2002 verður merkisár í sögu jólahalds Eflingar því þetta árið voru nefnilega haldin tvö jólaböll. Fyrri ballið var haldið laugardaginn 5. janúar 2002 og það síðara laugardaginn 28 desember sl.

Þetta er ein af þessum góðu hefðum sem haldast tiltölulega óbreyttar gegnum árin. Jólaboð verkalyðsfélaganna eiga sér langa sögu, allt frá dögum kreppu og vöruskorts. Enn er til í fórum Eflingar stór stjarna úr gylltum pappa sem notuð var til að prýða jólatréð í jólaboðum Dagsbrúnar á stríðsárunum. Þá var mjög erfitt að ná í ávexti og sykurlaus smjör var skammtað. Það hafðist þó alltaf að ná nokkrum eplakössum fyrir jólaboðin svo börnin fengu rauðu eplin. Sælgætið fyrir börnin var frá Nóa, því var pakkað í falleg kramarhús sem voru vafin upp úr rauðum og grænum pappír. Sælgætispokarnir í dag eru að sjálfsögðu frá Nóa Siríusi sem hefur framleitt besta sælgæti beggja vegna Alþingja síðan 1920.

Við hugsum með þakklæti til allra sem hjálpast að til að gera þessar samkomur ánægjulegar og gefandi.

Starfsmenntasjóðir Eflingar-stéttarfélags



Það getur verið erfitt að kenna gömlum hundi að sitja!

- en mannfólkið getur alltaf bætt við sig þekkingu

Fræðslumál félagsmanna Eflingar eru mikilvægur og vaxandi þáttur í starfsemi Eflingar - stéttarfélags. Félagið, og fræðslusjóðir sem það á aðild að, styrkir félagsmenn fjárhagslega til að sækja sér starfsmenntun, almenna menntun og tæmstundadám að eigin vali.

Einnig skipuleggur félagið nýja fræðslumöguleika fyrir starfsgreinahópa og stendur reglulega að náms- og fræðsluráðgjöf fyrir félagsmenn sína.

Efling - stéttarfélag stendur að auki fyrir margs konar félagslegum námskeiðum, bæði fyrir trúnáðarmenn og almenna félagsmenn.

- Hafðu samband og athugaðu hvað Efling getur gert fyrir þig í fræðslumálum.


EFLING
STÉTTARFÉLAG
Stendur með þér!

Efling - stéttarfélag • Sæðimi 1 • 105 Reykjavík • Sími: 510 7500 • Fax: 510 7501
Netfang: efling@efling.is • www.efling.is



Pegar allt sýnist svart, eru til lausnir

- eftir Salbjörgu Bjarnadóttur

Mikið hefur verið rætt að undanfögnu um geðheilbrigðismál. Talið er að fimmti hver einstaklingur eigi við geðrænan vanda að etja einhvern tíma á ævinni. Sumir fá tímabundin einkenni oft í tengslum við álag í fjölskyldu eða vinnu, aðrir eru haldnir sjúkdómi sem hefur áhrif á allt þeirra líf og þurfa sífellt að vera vakandi fyrir einkennum sem fylgja. Punglyndi er einn af þessum sjúkdómum sem valda oft miklum sársauka og vanlíðan þannig að einstaklingur sem er haldinn sjúkdómnum telur að sér muni aldrei batna. Allt er svart, erfitt er að koma sér á fætur, enn erfiðara að hugsa til þess að maður hafi einhverjum skyldum að gegna, hvort sem um er að ræða heima með fjölskyldu eða í vinnu. Einstaklingurinn er aðframkominn, vex allt í augum, bara það að draga andann getur verið full vinna á þessum tímapunkti. Þegar svo er komið er stutt í lífsleiða og jafnvel sjálfsvígshugsanir. Aðstandendur eru líka sligaðir af ástandinu og vita ekki sitt rjúkandi ráð. Mikilvægt er fyrir alla aðila að vita að til er hjálp og mikilvægt er að ná sem fyrst í aðstoð.

Það er til hjálp!!!

Heilsugæslan um allt land tekur á móti fólki í vanda, prestar veita sálusorg og ráðgjöf, Félagspjónustan er til staðar og bráðamóttökur geðdeilda Landspítalans og á Sjúkrahúsinu á Akureyri taka á móti fólki. Þá er kominn **Hjálparsími Rauða krossins 1717** sem getur liðsinnt fólki.

Landlæknisembættið hefur haft vaxandi áhyggjur af fólki sem er í áhættuhópi vegna sjálfsvígshugmynda. Um er að ræða fólk með punglyndi, vímuefnavanda og fólk sem hefur lent í ýmiskonar öðrum hremmingum.

Hjá Landlæknisembættinu er nú starfrækt þverfagleg nefnd sem sinnir sjálfsvígsforvörnum.

Meginmarkmið verkefnisins er að draga úr tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstillrauna, draga úr sálrænum og félagslegum afleiðingum eftir sjálfsvíg og sjálfsvígstillraunir, auka þekkingu okkar á orsökum og afleiðingum með vísindalegum rannsóknnum, opna umræðu, bæði almenna og sérhæfða og styðja sem mest við þau úrræði sem til eru. Einnig þarf að styðja og styrkja þá sem að þessu vinna með fræðslu, þjálfun og handleiðslu.

Unnið er af því að:

1. Skilgreina áhættuhópa - hvar þá er að finna.
2. Skapa yfirsýn hvað er gert í forvarnar- og meðferðarskyni vegna sjálfsvíga og sjálfsvígstillrauna.

Áætlað er að a.m.k. 500 sjálfsvígstillraunir séu gerðar árlega. Bak við hverja tilraun er mikill sársauki



3. Koma á forvarnarteymum í áföngum um allt land í tengslum við heilsugæslu á hverjum stað.
4. Fylgjast með gæðum þeirrar þjónustu sem veitt er og vera stuðningur.
5. Halda utan um skráningu sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna.
6. Efla vitund um þýðingu forvarna og eftirfylgdar.
7. Efla vitund manna um ábyrgð á eigin heilsu þar með talið geðheilsu.
8. Koma á virku tengslaneti milli ólíkra faghópa innan heilbrigðis-, félagsmála-, menntamála-, dóms- og kirkjumálakerfanna.
9. Hafa yfirsýn og tengsl við félagasamtök sem vinna með fólk í vanda.
10. Vera í tengslum við rannsóknaraðila sem vinna að sjálfsvígsmálum

Víst er að eftir sjálfsvíg er byrðin á þá sem eftir lifa oft óbærileg. Hlúa þarf að fjölskyldum, auka þarf aðgengi að þeirri þjónustu sem hún þarf á að halda hverju sinni. Það að einn fremji sjálfsvíg hefur í för með sér að a.m.k. 20 manns eru í sárum og u.þ.b. 3-6 einstaklingar þjást verulega. Það þýðir a.m.k. 2500 manns á ári, þar af 150-200 sem þurfa tímabundið frek-

ari aðstoðar við. Á þeim tíma verða einstaklingarnir óvirkir þátttakendur í eigin lífi, ófærir um að sinna sér og sínum. Þar sem syrgjandinn á erfitt með daglegar athafnir kemur það einnig niður á starfi hans og starfsumhverfið verður oft þrugað af vanlíðan. Veikindadögum fjölga, aðrir eru jafnvel á hálfum dampi í vinnu svo mánuðum skiptir. Það að sinna syrgjendum vel er þannig þjóðfélagslega hagkvæmt því með því að veita þeim stuðning kemst syrgjandinn fyrr í tengsl við umhverfið og daglegt líf kemst í fastar skorður. Aðrir sem eru í tengslum við syrgjandann líður einnig betur og verða þá um leið virkari þjóðfélagsþegnar.

Áætlað er að a.m.k. 500 sjálfsvígstilraunir séu gerðar árlega. Bak við hverja tilraun er mikill sársauki bæði þess sem reynir að taka líf sitt og ekki síður þeirra sem næst standa. Þunglyndi og aðrar geðraskanir eru sjúkdómar sem kosta samfélagið marga veikindadaga og mikið vinnutap hjá annars hæfum samborgurum.

Ekki þýðir að gera eitthvað skyndiátak heldur þurfa allir aðilar að vera jafn vakandi yfir þessum málaflökki. Hver og einn þarf að líta í eigin barm og spyrja sig: Hvað er ég að gera fyrir mig og mína þannig að við sem fjölskylda getum átt gott líf saman?

Höfundur er verkefnisstjóri hjá Landlæknisembættinu.

Fulltrúaráð verkalyðsfélaganna í Reykjavík



Guðmundur P. Jónsson og Reynir Jóseppson afhenda Sigrúnu Árnadóttur og Helgu G. Halldórsdóttur framlag Fulltrúaráðs verkalyðsfélaga til Rauða krossins.

Fulltrúaráð verkalyðsfélaganna í Reykjavík færði á dögnum Rauða Kross Íslands 500.000. kr. styrk til hjálpar þeim sem eiga í erfiðleikum.

Fulltrúaráðið hefur ekki haft mikla starfsemi með höndum á undangengnum árum og ekki heldur mikla fjármuni til ráðstöfunnar. En á síðasta ári var Alþýðuhúsið selt en Fulltrúaráðið átti nokkurn hlut í húsinu. Þegar Alþýðuhúsið var byggt á sinni tíð lögðu verkalyðsfélögin og þar með talið Fulltrúaráðið fram fé til byggingar hússins. Þegar húsið var selt á síðasta ári fékk Fulltrúaráðið í sinn hlut, tæpar 8,2 milljónir kr.

Á aðalfundi fulltrúaráðsins á þessu ári var samþykkt að verja allt að 90% af vaxta-tekjum hvers árs „... til mannúðarmála, til styrktar félagasamtökum sem vinna að slíkum málum og/eða til verkefna sem stuðla að bættu vinnuumhverfi og vinnuaðstöðu félagsmanna“ eins og segir í samþykktinni. Þessi samþykkt er vafalítið í samræmi við hugsjónir þeirra sem lögðu fram vinnu og fé til bygginu hússins.

Stjórn Fulltrúaráðsins samþykkti á fundi sínum þann 29. nóv. s.l. að fyrsti styrkurinn samkvæmt þessari samþykkt skuli fara til Rauða Kross Íslands og var hann afhentur þann 16. desember síðastliðinn.

Eigendaskipti að fyrirtækjum

Staða starfsmanna skýrist sífellt betur

eftir Huldu Rúriksdóttur, hdl.



Í íslensku atvinnulífi í dag er nokkuð um það að eigendaskipti verði að fyrirtækjum eða skipt sé um rekstraraðila fyrirtækja. Aðstaðan getur þá ýmist verið þannig að starfsemi fyrirtækisins er breytt eða slík breyting á rekstraraðila fyrirtækisins er gerð án nokkurra annarra breytinga. Í síðara tilvikinu er starfsemi fyrirtækisins óbreytt og í almennri umræðu er oft talað um „breytingu á kennitölum.“ Í grein þessari mun það rakið í stórum dráttum hvaða áhrif slík aðstaða hefur á réttindi og skyldur starfsmanns.

Lög nr. 72 frá 2002 fjalla um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Með þessum nýju lögum voru eldri lög nr. 77/1993 felld úr gildi. Nýju lögin bera sama nafn og þau eldri en eru mun ítarlegri. Lögin gera ráð fyrir því að nýi rekstraraðilinn taki við öllum réttindum og skyldum fyrri rekstraraðila gagnvart starfsmönnum á grundvelli ráðningarsambands þeirra, þ.e. þeim starfsmönnum sem eru með ráðningarsamning á þeim tímapunkti er aðilaskiptin eiga sér stað. Lögin gera þannig ráð fyrir því að réttarstaða starfsmanna breytist ekki fyrir það eitt að fá nýjan vinnuveitanda í kjölfar aðilaskipta. Grundvöllur ofangreindra laga er tilskipun sem rakin er til Evrópubandalagsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við að-

ilaskipti að fyrirtækjum, sem felld var undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem Ísland er aðili að.

Eigendaskipti breyta ekki stöðu starfsmanna

Hér er rétt að benda á að reglur vinnuréttarins samanstanda af settum lögum frá Alþingi annars vegar, s.s. lögum um starfskjör launafólks nr. 55/1980, lögum nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, lögum nr. 30/1987 um orlof, lögum nr. 19/1979 um rétt launafólks til uppsagnarfrest og fleiri lögum en hinsvegar af kjarasamningum. Þessar reglur vinnuréttarins kveða á um lágmarkskjör launafólks. Lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum er hluti af þessum reglum vinnuréttarins og þar með hluti af þeim lágmarkslaunakjörum sem starfsmönnum eru tryggð.

Í aðalkjarasamningi Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins er að finna bókun um réttarstöðu starfsmanna við eigendaskipti að fyrirtækjum. Þar kemur fram að eigendaskipti geti ekki breytt stöðu starfsmanna. Þannig yfirtaki nýi rekstraraðilinn skyldur og réttindi fyrri rekstraraðila gagnvart starfsmönnum. Þessi regla er sögð gilda nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Þessa bókun var að finna í helstu kjarasamningum hér á landi áður en lögin frá 1993 voru sett.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur

Nýjum rekstraraðila gert að greiða laun frá fyrri vinnuveitanda

Málavextir voru þeir að stefnandi var starfsmaður á veitingahúsinu Lækjarkoti á árinu 2001. Rekstraraðili staðarins þegar stefnandi hóf störf var fyrirtæki að nafni BAGS ehf. en það félag rak staðinn á grundvelli leigusamnings við eiganda staðarins, sem var einstaklingur.

Þar sem vanefndir urðu á leigusamningnum rifti eigandi staðarins samningnum við BAGS ehf. og fór rekstraraðilinn úr húsnæðinu í kjölfarið þann 16. október 2001. Eigandi staðarins rak staðinn áfram að öllu leyti óbreytt. Hann stofnaði einkahlutafélag utan um reksturinn þann 23. október 2001 og seldi svo reksturinn og einkahlutafélagið nýjum eigendum. (Veitingastaðnum Lækjarkot var lokað í byrjun nóvembermánaðar 2001 og opnaði svo aftur breyttur í janúar 2002.)

Í lok októbermánaðar 2001 fékk starfsmaðurinn afhenta tvo launaseðla; einn vegna tímabilsins 1.-16. október 2001 þar sem launagreiðandi er sagður BAGS ehf. Hinn launaseðillinn var vegna tímabilsins 17.-31. október þar sem nýja einkahlutafélagið var sagður launagreiðandi. Sá launaseðill var greiddur. Málið var tilkomið vegna innheimtu á launaseðli vegna tíma-

bilsins 1.-16. október 2001 og var málsókninni beint að nýja rekstraraðilanum á grundvelli þess að um aðilaskipti hafi verið að ræða í skilningi laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum og bæri hann þar með ábyrgð á greiðslu launa vegna tímabilsins.

Í niðurstöðu Héraðsdóms segir að "...með þeirri ákvörðun sinni að halda áfram óbreyttum rekstri veitingastaðarins þennan tíma (innsk: 17.-13.okt.) varð stefndi ábyrgur fyrir rekstri starfseminnar og því var um að ræða að aðilaskipti hafi átt sér stað í skilningi laga nr. 77/1993 (innsk: um aðilaskipti) og fóru þau fram þann 17. október 2001..." Síðan segir að ljóst þygi að laun sem stefnandi hafi áunnid sér hjá hinum fyrri vinnuveitanda vegna fyrri hluta októbermánaðar falli undir þau ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum að nýi rekstraraðilinn taki við öllum réttindum og skyldum sem fyrri atvinnurekandi bar gagnvart starfsmönnum í fyrirtækinu. Vangreidd laun voru talin falla þarna undir þar sem þau séu hluti af ráðningarkjörum starfsmannsins.

Leiðbeinandi reglur ESB

Þegar nýr aðili tekur við rekstri fyrirtækis geta vaknað ýmsar spurningar um það hvort hinn nýi rekstraraðili yfirtaki ábyrgð á öllum réttindum starfsmannsins, hver sem þau eru eða að álitaefnið lýtur að því hvort aðilaskipti hafi orðið að fyrirtæki í þeim skilningi að leiði til ábyrgðar seinni rekstraraðila. Rétt er að skýra þetta aðeins nánar:

Fyrst er að nefna það að fjölmargir dómar hafa fallið hjá Evrópudómstólum þar sem unnt er að lesa út reglur sem leiðbeina um hvenær aðilaskipti teljist hafa orðið að rekstri fyrirtækis. Helstu reglur eru þær hvort fyrirtækið hafi haldið einkennum sínum þrátt fyrir nýjan rekstraraðila, þ.e. var starfsemin sú sama fyrir og eftir aðilaskiptin. Þá er talið skipta máli hvort áþreifanleg verðmæti voru framseld, s.s. fasteign eða lausafé; voru t.d. sömu tækin notuð við starfsemi fyrirtækisins fyrir og eftir aðilaskiptin. Ennfremur er talið að máli skipti hvort meirihluti starfsmanna sé sá sami fyrir og eftir aðilaskiptin og hvort hópur viðskiptavina sé sá sami fyrir og eftir aðilaskiptin. Hæstirétt-

ur Íslands hefur staðfest í dómi sínum frá 16. desember 1999 að með gildistöku laga um Evrópska efnahagssvæðið (2/1993) eigi einstaklingar hér á landi kröfu til þess að íslenski lögjöf sé hagað til samræmis við EES-reglurnar. Þess vegna skiptir það máli hér á landi hvernig evrópskir dómstólar túlka lög sem byggja á Evrópusamstarfi, sem eru grundvöllu laga settra hér á landi.

Það eru tiltölulega fáir íslenskir dómar til þar sem ágreiningur snýst um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Eftir því sem tíminn líður fer þeim dómum þó fjölgandi og er óhætt að segja að með þeim skýrist sífellt betur hvernig meta beri stöðu starfsmanna þegar nýr rekstraraðili tekur við rekstri fyrirtækis. Það myndi æra óstöðugan að ætla að segja frá öllum dómum sem hafa fallið en hér að ofan mun greint frá nýlegum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 20. september 2002

Höfundur er héraðsdómslögmaður og starfar á lögmannsstofu Atla Gíslasonar

Efling Educational funds

WHAT rights do I have?



Foreign members of Efling in a study group. It is important to learn about our rights to education.

Efling provides in cooperation with employers, educational funds which are available to all its members. The role of these educational funds is twofold:

- to grant a subsidy to individuals for vocational education, chosen by themselves, i.e. individual subsidies.
- to offer courses in vocational education in cooperation with educational institutions, specific trade departments or firms.

The link between the planned vocational education course, and the job performed, is evaluated before subsidies are granted (hobby courses give rights to lower subsidies).

The main rules of the educational funds of Efling state that those applying for a subsidy must have been members of the union for a 12 month period before applying. Grants to those in part-time employment are proportional. The amount of any grant offered to an individual for vocational education they choose themselves may vary from 35.000 kr. to 44.000 per annum, up to 75% of the invoice. In order to apply for a subsidy applicants must complete a special form, available at the Efling office. This may also be found on the Efling homepage under the heading of "Education". Applicants must also present receipt(s), for payment of a course, together with a copy of their last salary slip.

Landnemaskólinn aftur af stað



Frá síðastu útskrift Landnemaskólans

Efling - stéttarfélag mun fara af stað með Landnemaskólann í annað skiptið nú á vorönn. Að þessu sinni verður skólinn með breyttu sniði þar sem búið er að skipta honum niður í tvær annir. Fyrri önnin sem verður haldin nú á vorönn er 120 stundir og hefst 21. janúar. Kennt verður tvisvar í viku, á þriðjudögum og

fimmtudögum frá kl 15:00 til 18:45. Skólanum lýkur síðan 10. apríl.

Landnemaskólinn er samvinnuverkefni Eflingar – stéttarfélags, MFA og þeirra starfsmenntasjóða sem félagið á aðild að. Skólinn er hugsaður fyrir félagsmenn Eflingar af erlendu bergi brotna sem vilja læra og geta miðlað af þekkingu á íslensku máli og menningu. Alls er námið 120 stundir og er inntak þess að kenna erlendum félagsmönnum íslensku og ýmislegt um íslenska menningu og sögu ásamt því að taka fyrir réttindi og skyldur í íslensku samfélagi. Nemendur þurfa að sækja um inngöngu í skólann í samvinnu við vinnuveitandur þar sem hluti námsins fer fram á vinnutíma - enda er atvinnurekendum mikill akkur í því að starfsmenn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli þekki tungumálið vel og kynnist íslensku samfélagi.

Námsgjöld eru kr. 20.000 og geta þeir félagsmenn sem eiga rétt í starfsmenntasjóði félagsins (hafa verið félagsmenn í 12 mánuði og ekki fullnýtt sér einstaklingstyrk sinn) sótt um 75% endurgreiðslu á skólagjöldum.

Nánari upplýsingar um Landnemaskólann má fá hjá Eflingu - stéttarfélagi eða hjá Hólmfríði hjá MFA í síma 533-1818

Settlers in Iceland

A school for foreign members of Efling

The educational funds of Efling, in cooperation with MFA and a number of companies that have employed foreign workers, will offer new courses in Icelandic this winter, a total of 120 lessons. This education is designed to provide a deeper understanding of the Icelandic language and society for the members of Efling. They will learn about the Icelandic community, the Icelandic labour market and about Icelandic traditions and culture.

The course will start on 21st of January and last until 10th of April. The course programme is scheduled two days a week - on Tuesdays and Thursdays from 15:00 - 18:45.

We assume that participating companies will make sure that employees continue to receive their wages while attending classes.

We encourage foreign employees and their employers to consider this offer and to contact



Many foreign members have taken part in educational programmes in Efling in recent years.

the office of Efling for further information.

Telephone: 510-7500, or e-mail, efling@efling.is

Osiedleńcy w Islandii

Szkoła dla obcokrajowców należących do związku zawodowego Efling

Efling we współpracy z MFA oraz niektórymi firmami zatrudniającymi obcokrajowców, będzie tej zimy oferować nowe kursy języka islandzkiego, w sumie 120 lekcji. Ten program edukacyjny przygotowano dla członków Eflingu z myślą o zapewnieniu lepszego poznania zarówno języka jak i społeczeństwa islandzkiego. Członkowie Eflingu będą uczyli się o społeczeństwie islandzkim, rynku

pracy w Islandii jak również o tradycji i kulturze islandzkiej.

Kurs rozpocznie się 21-go stycznia i będzie trwał do 10-go kwietnia. Lekcje będą odbywały się dwa razy w tygodniu – we wtorki i czwartki od 15:00 do 18:45.

Zakładamy, że współpracujące z nami przedsiębiorstwa zapewnią, że ich pracownicy będą otrzymywali wynagrodzenie podczas brania udziału w kursie.

Zachęcamy wszystkich obcokrajowców oraz ich pracodawców do rozważenia naszej oferty i prosimy o skontaktowanie się z biurem Eflingu w celu uzyskania dalszych informacji.

Telefon: 510-7500, e-mail: efling@efling.is

**ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI
ÖLL ÖKURÉTTINDI**

Ný námskeið vikulega

www.nyiokuskolinn.is


**NÝ
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 588 4500 • 898 3903

Starfstengt íslenskunámskeið á Hrafnistu

Samskipti ganga öll miklu betur

- segir Zenaida Lucanas Asayas



Ánægja fylgir aukinni menntun

Zenaida Lucanas Asayas útskrifaðist nýlega af starfstengdu íslenskunámskeiði, ásamt hópi erlendra starfsmanna á Hrafnistu í Reykjavík. Fréttablaðið ræddi við hana um námskeiðið.

Zenaida kom til Íslands frá Manila á Filippseyjum í september 1999 og vinnur við ræstingar á Hrafnistu. Hún sagði að námskeiðið í íslensku hafi verið mjög skemmtilegt. Kennararnir hafa verið mjög duglegir að kenna þeim og þetta hafi verið gaman. Við vorum að læra íslensku til að geta haft betri samskipti við fólkið sem við vinnum með og gamla fólkið. Núna ganga öll samskipti miklu betur.

Eftir áramót fer ég í Landnemaskólann og læri þá meira í málinu og ýmsu öðru sem þar er kennt. Ég er svo spennt að ég get varla beðið eftir að byrja í skólanum, sagði Zenaida að lokum.

**Kennararnir hafa verið mjög duglegir
að kenna þeim**



Á Vestfjörðum gerast ævintýrin



Frá Selárdal

Ferðanefnd Eflingar-stéttarfélags hefur undirbúið aðra sumarferðina á Vestfirði. Pöntuð hefur verið gisting að Breiðuvík og Örlygshöfn. Ekið er frá Reykjavík um Barðaströnd út í Breiðuvík þar sem gist er allar næturnar.

Á leiðinni verða áhugaverðir staðir til skoðunar. Gist er í skólahúsnæði og er þar um að ræða gistingu í kojum og í svefnpokaplássum. Farið er um Rauðasand og að Látrabjargi annan daginn en fram að Selárdal við Arnarfjörð og til Tálknafjarðar síðari daginn.

Sigt er um Breiðafjörð með Baldri á sunnu-

deginum heim.

Gisting í 3-4 manna herbergjum með morgunmat. Verð: 13.000.-

Innifalið er akstur, gisting, morgunmat og sigling um Breiðafjörð, kvöldmat tvö kvöld og fararstjórn.

Gistiheimilið að Breiðuvík stendur við ægí-fargra fjöru með gylltum sandi fyrir opnu hafi þar sem sólsetrið getur orðið að heilu ævintýri þegar sólin kyssir hafflötinn.

Innritun hjá Hildi Kjartansdóttur og Huldu Hafsteinsdóttur frá 17. febrúar n.k.

Ferðir Eflingar til útlanda

Skoska hálendið og sigling heim

Ferðin um skoska hálendið hefst með því að flogið er til Glasgow og gist þar í tvær nætur m.a. farið til Edinborgar og skoðunarferð um Glasgow. Næstu tvo daga er ekið um skoska hálendið og gist m.a. í Fort William. Að lokum er gist í Aberdeen og bærinn skoðaður en á síðari deginum er siglt með næturferju til Leirvíkur á Hjaltlandi.

Á Hjaltlandi er varið einum degi í skoðunarferð m.a. Jarlshofið skoðað þar sem eru afar merkilegar minjar frá víkingatímum og fleiri ógleymanlegir staðir skoðaðir. Frá Leirvík er siglt til Færeyja þar sem stutt viðdvöl er. Frá Færeyjum er síðan siglt heim til Seyðisfjarðar. Þaðan er ekið til Reykjavíkur. Innifalið er flug, gisting, akstur og sigling í ferðinni.

Verð í þessa ferð er 70.000.- fyrir félagsmenn en 78.000.- fyrir maka eða ferðafélaga sem ekki eru félagsmenn. Farið verður 19. júní og komið 26. júní heim. Nánari upplýsingar hjá Hildi Kjartansdóttur og Huldu Hafsteinsdóttur en bókanir eru 17. febrúar n.k.

Vínarborg og Budapest spennandi kostur

Ferðanefnd Eflingar-stéttarfélags er nú að leggja lokahönd á undirbúning sumarferða félagsins erlendis. Fyrir valinu verða tvær ferðir og er önnur þeirra þannig skipulögð að flogið er til München og gist á leiðinni til Vínar þar sem dvalið er í þrjár nætur.

Í Vín verður frjálfs dagur og einnig verður boðið upp á skoðunarferðir um borgina og næsta nágrenni m.a. meðfram Dóná. Frá Vín er ekið til Budapest og dvalið þar í tvær nætur. Frá Budapest er ekið til Graz og gist þar eina nótt og þaðan til Salsburgar en þar er gist lokanóttina og flogið heim frá München.

Áætlað er að þessi ferð hefjist 5. júní og standi til 15. júní. Verð í ferðina er 70.000.- fyrir félagsmann en 78.000.- fyrir maka eða ferðafélaga sem ekki er félagsmaður. Nánari upplýsingar verða hjá Hildi Kjartansdóttur og Huldu Hafsteinsdóttur en bókanir eru 17. febrúar n.k.

Borgarleikhúsið og Efling

Æðislega skemmtilegt

- segir Kolbrún Jóhannsdóttir



/ leikhússkapi...

Kolbrún Jóhannsdóttir, vinnur í þvottahúsinu á Hrafnistu í Reykjavík. Hún sagðist hafa nýtt sér tilboðið og farið með systur sinni að sjá gamanleikinn „Með vífið í lúkunum“. Það var æðislega skemmtilegt. Við hlógum allan tímann. Mér finnst þetta framlag Eflingar frábært og vona að það haldi áfram. Það er dýrt að fara í leikhús ef maður þarf að borga miðana að fullu.



„Vona að þetta haldi áfram“ segir Ólöf.

Ólöf Guðmundsdóttir

Samstarf til fyrirmyndar

Ólöf Guðmundsdóttir sér um ræstingar í Alþingishúsinu við Austurvöll. Við hjónin brugðumst skjótt við þegar við heyrðum af þessu tilboði og keyptum miða í leikhúsið. Fyrir valinu varð sýning á leikritinu „Sölumaður deyr“ eftir Arthur Miller, sem okkur fannst mjög góð. Við hefðum örugglega misst af henni, hefði þetta tilboð ekki staðið til boða. Samstarf Eflingar og Borgarleikhússins er til fyrirmyndar og gerir örugglega mörgum kleyft að sækja leikhús, sem ekki áttu þess kost áður. Ég vona að þetta samstarf haldi áfram, og þá á maður örugglega eftir að sjá fleiri sýningar sagði Ólöf að lokum.

Smelltu á www.efling.is

Réttindabarátta eldra fólks skilar árangri

Kjör þeirra sem minnst hafa batna

Kjör þeirra sem minnst hafa úr almannatryggingakerfinu og eiga lágar greiðslur úr lífeyrissjóðum hækka um áramótin. Það er gert með því að hækka tekjutryggingu frá 1. janúar 2003 um kr. 3.028,- og frá sama tíma hækka tekjutryggingarauki um 2.255 og verður frá þeim tíma kr. 18.000 fyrir einhleypa í stað 15.257 sem nú er. Tekjutryggingarauki fyrir hjón eða sambýlisfólk hækka um sömu krónutölu og verður kr.14.066 í stað 11.445 sem nú er. Þá verða ákvæði laga um tekjutengingu

breytt þannig að skerðingarhlutfallið lækkar úr 67% í 45% eða úr 22.700 í 40.000 krónur.

Til viðbótar hækka tekjutryggingin frá 1. janúar 2003 um kr. 2.000 og tekjutryggingaraukinn um kr. 2.000 auk framtaldrar hækkanna. Það er því ljóst að í þessum áfanga var fyrst og fremst verið að skoða stöðu þeirra sem eru á lægstu almannatryggingunum en ekki að endurskoða almannatryggingakerfið með það að markmiði að gera það einfaldara og gegnsærra.

Gagnlegt á www.efling.is

Slóðir um starfsmatið

Á heimasíðu Eflingar-stéttarfélags eru margar hagnýtar upplýsingar og nú eftir áramótin má t.d. finna þar nýjustu launatöflur fyrir árið 2003.

Einnig hefur verið sett tenging inn á heimasíðu Eflingar (kjaramálasíðu) til Reykjavíkurborgar. Þar er að finna nýjustu upplýsingar um starf sem tengist nýja starfsmatinu. M.a. er vísað á netslóðir sem veita ennfrekari upplýsingar um starfsmat og þá þróun sem það er í erlendis.

Smelltu á www.efling.is



ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...

DEKKJA ÞJÓNUSTA

ELDSHÖFÐA 6 - SÍMI 567 7850

- Láttu setja vetrardekkinn á aukafelgur.
- Það sparar þér umfelgun tvisvar á ári!
- Það fer betur með dekkinn.
- Þú lendir ekki í örtröð dekkjaverkstæðanna.

VERTU HAGSÝNN Í ÁR!

Mikið úrval af góðum notuðum vetrardekkjum einnig low profile dekk 16" 17" 18"

Seljum einnig:

- Sólada hjólbarda
- Nýja hjólbarda

Kynntu þér málið og sparðu útgjöldin. Við gerum þér gott tilboð.

Eigum mikið af notuðum felgum á margar gerðir bifreiða.

Það margborgar sig að eiga dekkinn tilbúin á felgum.



Vinnustaðaheimsókn

Bækistöð Reykjavíkurhafnar í Örfirisey

Í nýlegri byggingu við Fiskislóð 12 í Örfirisey er Bækistöð Reykjavíkurhafnar til húsa. Þar vinna nokkrir verkamenn við ýmiss konar við-

hald og þjónustu. Fréttablaðið mætti á staðinn til að forvitnast um hagi þeirra og störf og stóð þá hádegismaturinn yfir.

Allt kurteisir og góðir menn

Kristín Magnúsdóttir, matráður var önnur kafin við að skammta á diskana og þegar fyrstu umferð lauk gafst tækifæri til að spjalla við hana og fyrsta spurningin var hvað hún væri búin að vinna lengi hjá Reykjavíkurhöfn?

Það eru orðin 23 ár síðan ég hóf störf í mötu-

neytinu sem þá var í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. En svo fluttum við hingað út í Örfirisey fyrir þremur árum og mér hefur liðið afskaplega vel hér.

Ég kem til vinnu um hálf átta á morgnanna og byrja þá að þrifa og vaska upp. Síðan helli ég upp á kaffi handa körlunum sem koma í nífukaffið. Þegar því er lokið hefst undirbúningurinn fyrir hádegismatinn og allt sem því fylgir, uppvas og annað. Klukkan þrjú er svo drukk- ið síðdegiskaffi og þá líkur vinnudeginum hjá mér. Oftast koma sautján manns í mat og kaffi, allt kurteisir og góðir menn.

Þú áttir afmæli fyrir stuttu?

Já, ég varð sjötug 1. desember og hætti að vinna um næstu áramót.

Hvað tekur þá við hjá þér?

Ætli maður reyni ekki að hvílast og njóta lífsins með fjölskyldunni.



Fróðleiksmolar

Er orlof innifalið í launum þínum?

Óheimilt er að greiða orlof með launum

Vinsælar ferðir starfsmanna

Ívar Kolbeinsson hóf störf á vörubíl hjá Reykjavíkurhöfn árið 1976 og vann við það til ársins 1990 en þá fékk hann hjartaáfall og var frá vinnu í marga mánuði.

Þegar ég kom aftur til starfa fór ég að vinna við afleysingar og ýmislegt fleira sem til féll og hef gert það síðan, segir hann.

Hvað gerið þið ykkur til skemmtunar?

Það er farið í ferðir, bæði innanlands og utan. Í fyrra fór t.d. hópur starfsmanna til Prag og létu mjög vel af dvölinni þar. Á haustin erum við með útigrill og svo höldum við árshátíð, segir Ívar að lokum.



Stéttarfélagin berjist fyrir kjarabótum

Hálf dán Pétur Valdimarsson hefur unnið hjá Reykjavíkurhöfn í 2 ár. Hann er verkamaður og vinnur við allt mögulegt.

Stundum þurfum við að fjarlægja dekkinn af bryggjuköntunum og hengja ný í staðinn. Þá er mikið um allskonar málningarvinnu. Svo þarf af aðstoða iðnaðarmenn og stundum er ég bílstjóri á litlu bílunum. Í fyrrasumar voru allar baujurnar á ytri höfninni teknar í land og hreinsaðar og málaðar upp á nýtt. Það var heil mikið verk, segir hann.

Hvernig er vinnuaðstaðan og aðbúnaður fyrir starfsmenn?

Það er óhætt að segja að það er mjög vel hugsað um okkur að því leyti. Húsakynnin eru sémilega rúmgóð og björt. Við höfum aðgang að mótuneyti þar sem hægt er að fá kaffi og heitan mat í hádeginu. Þá eru læstir fataskápar fyrir starfsmenn og aðgangur að sturtum og svo fáum við frían vinnufatnað.

Ertu ánægður með launin?



Þau eru sjálfsagt í lagi, en það er bara svo erfitt að láta þau duga í verðlaginu sem hér ríkir. Kannski er það vegna þess að verðlagið er of hátt eða launin eru of lág. Ég veit ekki hvort heldur er miðað við umræðuna í þjóðfélaginu þessa dagana sem mér finnst lítið upplýsandi um þessi mál.

Ég er eiginlega kominn á þá skoðun að stéttarfélagin eigi eingöngu að berjast fyrir kjarabótum en ekki vera í útfararstyrkjum, gleraugnastyrkjum og sumarhúsaleigu, sagði Hálf dán að lokum.

Í jólaskapi

Ingi Halldór Árnason hefur unnið hjá höfninni í tæp fimm ár og síðustu misserin á vörubíl með krana. Hann sér um alls konar flutninga og annað sem til fellur. Núna er hann að koma fyrir jólatrjáum víðsvegar um höfnina og.

Það er ekki laust við að maður komist í jólaskep, segir hann og heldur áfram að fikta í tökkunum á stjórnborði kranans en niður úr honum hékk stórt jólatré sem þurfti að komast á sinn stað.





Efling-stéttarfélag

Aðhalds gætt í veitingu atvinnuleyfa

Nærri 5000 manns eru nú á atvinnuleysissskrá á landinu. Þar af er atvinnuleysi langmest á höfuðborgarsvæðinu eða um 3000 manns. Um þessar mundir eru átta hundrad félagsmanna Eflingar atvinnulausir. Þar af eru á annað hundrad erlendir félagsmenn. Á sama tíma er félagsmálaráðuneytið að veita um 460 ný atvinnuleyfi á ári. Í ljósi þessarar staðreyndar hefur Efling-stéttarfélag lýst yfir þungum áhyggjum yfir stefnuleysi félagsmálaráðuneytisins í málinu.

Efling-stéttarfélag hefur í þessu efni aðeins umsagnarrétt um atvinnuleyfi en ákvörðunar-rétturinn er í höndum félagsmálaráðuneytisins. Vegna þess atvinnuástands sem nú ríkir hefur Efling metið hverja umsókn fyrir sig m.a. með tilliti til atvinnustigs á viðkomandi atvinnusviði. En einnig hefur verið litið til þess ef fyrirtæki hafa ekki staðið í skilum við launafólk eða brotið á þeim rétt. Í þeim tilvikum hefur Efling veitt neikvæða umsögn. Með sama hætti hefur Efling varðandi framhaldsatvinnuleyfi litið til fjölskylduáðstæðna og hve lengi viðkomandi hefur starfað hér á landi. Á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags er starfandi starfshópur sem metur nýjar umsóknir og framlengingar atvinnuleyfa. Reynt hefur verið að vinna öll þessi mál gagnvart atvinnuleyfum útlendinga á eins faglegan hátt og kostur er enda eru þetta félagsmenn Eflingar eins og aðrir sem taka

laun samkvæmt kjarasamningum félagsins. Efling hefur hafnað því að veita þeim fyrirtækjum jákvæða umsögn sem brotið hafa kjarasamninga á erlendum starfsmönnum.

Á undanförunum misserum hefur Efling átt samráðsfundi með Vinnumálastofnun félagsmálaráðuneytisins og Útlendingaeftirlitinu þar sem farið hefur verið yfir vinnureglur og samskipti aðila. Á þeim fundum hefur komið fram að miða við að þeir sem dvalið hafi hér í tvö ár eða lengur fengju áframhaldandi atvinnuleyfi.

Efling hefur unnið mikið starf á undanförunum árum við að skapa þessum félagsmönnum okkar eðlilegt umhverfi. Félagið hefur átt frumkvæði að fjölda íslenskunámskeiða, veitt aðstoð í réttindamálum, kynnt réttindi í blaði okkar og veitt þeim alla þá þjónustu sem nauðsynleg er fyrir erlenda starfsmenn hér á landi. Því miður hefur oft þótt skorta á að samtök atvinnurekenda og ráðuneyti sýndu þessum hópi sama áhuga.

Stefnuleysi félagsmálaráðuneytisins er fólgið í því að á síðasta ári voru veitt 1300 ný atvinnuleyfi þrátt fyrir að verulegur samdráttur væri fyrir sjáanlegur á vinnumarkaði. Við teljum að ráðuneytið hafi bæði brugðist seint og ófaglega við að þessu leyti.

Hvert nýtt atvinnuleyfi sem ráðuneytið veitir er ekki tímabundið heldur framtíðaratvinnuleyfi. Í núverandi atvinnuástandi er þetta stefnuleysi. Það er ekki akkur fyrir erlent starfsfólk að fá hér atvinnuleyfi ef það er orðið atvinnulaust eftir fáeina mánuði í starfi eins og ástandið er í dag.

Smelltu á www.efling.is

Félagsliðar útskrifast eftir langan vinnudag

Þær náðu settu marki !



Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Gunnhildur Gróa Jónsdóttir, Stefánía M. Sigurðardóttir, Guðrún Halldórsdóttir, Rut Sigurðardóttir, Fríða Magnúsdóttir og Brynja R. Haraldsdóttir.

Glæsilegur hópur kvenna útskrifaðist úr Námsflokkum Reykjavíkur 18. desember sem félagsliðar eftir að hafa stundað kvöldnám, sumarskóla og safnað einingum með námskeiðum sem metnar voru inn í námið.

Það er mikill áfangi þegar skóli eins og Námsflokkar Reykjavíkur fær heimild Menntamálaráðuneytisins til að útskrifa félagsliða samkvæmt námskrá ráðuneytisins.

Mjög fjölmennur hópur fólks er að safna sér einingum til að geta lokið þessu námi sem er í heild 81 eining en með því að fá annað nám metið og að hafa verið á vinnumarkaðnum í þeim störfum sem félagsliðanum er ætlað að vinna inná þá má stytta leiðina verulega.

Efning-stéttarfélag óskar þessum konum sem nú útskrifast innilega til hamingu með áfangann.

Fróðleiksmolar

Frá 17. júlí 2002 er startgjald leigubíla kr. 400,- x 2,5. Starfsfólk á veitingahúsum sem fær greidda ferðapeninga fær í dag kr. 1000,- fyrir hverja ferð þegar áætlunarmagnar ganga ekki.

VINNUMÍÐLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 515 4850
fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og
atvinnuleysissskráning fyrir íbúa
í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,
Bessastaðahreppi, Garðabæ,
Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30
Einnig eru veittar upplýsingar í síma.

Breytingar á staðgreiðslu og persónuafslætti

Nú um áramót urður breytingar á staðgreiðsluprósentu og upphæð persónuafsláttar. Þannig verður hundraðshluti staðgreiðslu nú 38,55% og persónuafsláttur verður 26.825 krónur. Meðfylgjandi tafla sýnir frádrátt vegna lífeyrisgreiðslna, sem eru frádráttabærar frá skatti, ásamt þeirri upphæð sem við greiðum í skatta af launum á bilinu 90.000 krónur upp í

250.000 krónur. Þá er einnig sýndur útreikningur ef launamaður nýtir sér viðbótarlífeyrissparnað (4%) og þann skattasparnað sem næst fram með þessu framlagi. Athugið að á móti þessum viðbótarlífeyrissparnaði launamanns greiðir atvinnurekandi 2% og ríkisvaldið 0,4%. Viðbótarlífeyrissparnaður er því tvímælalaust lang skynsamlegasta sparnaðarleiðin í dag.

TEKJUR	Skyldu Lífeysisj.	26.825 kr 38,54% Skattur	Viðbóta lífeyrissp.	Skattur með viðbótar sparnaði	Skatta lækkun m. viðb. sparnaði
	4%		4%		
90.000	3.600	6.482	3.600	5.917	565
95.000	3.800	8.333	3.800	7.691	642
100.000	4.000	10.183	4.000	9.464	719
105.000	4.200	12.033	4.200	11.237	796
110.000	4.400	13.884	4.400	13.011	873
115.000	4.600	15.734	4.600	14.784	950
120.000	4.800	17.585	4.800	16.557	1.027
125.000	5.000	19.435	5.000	18.331	1.105
130.000	5.200	21.285	5.200	20.104	1.182
135.000	5.400	23.136	5.400	21.877	1.259
140.000	5.600	24.986	5.600	23.650	1.336
145.000	5.800	26.837	5.800	25.424	1.413
150.000	6.000	28.687	6.000	27.197	1.490
155.000	6.200	30.537	6.200	28.970	1.567
160.000	6.400	32.388	6.400	30.744	1.644
165.000	6.600	34.238	6.600	32.517	1.721
170.000	6.800	36.089	6.800	34.290	1.798
175.000	7.000	37.939	7.000	36.064	1.876
180.000	7.200	39.789	7.200	37.837	1.953
185.000	7.400	41.640	7.400	39.610	2.030
190.000	7.600	43.490	7.600	41.383	2.107
195.000	7.800	45.341	7.800	43.157	2.184
200.000	8.000	47.191	8.000	44.930	2.261
205.000	8.200	49.041	8.200	46.703	2.338
210.000	8.400	50.892	8.400	48.477	2.415
215.000	8.600	52.742	8.600	50.250	2.492
220.000	8.800	54.593	8.800	52.023	2.569
225.000	9.000	56.443	9.000	53.797	2.647
230.000	9.200	58.293	9.200	55.570	2.724
235.000	9.400	60.144	9.400	57.343	2.801
240.000	9.600	61.994	9.600	59.116	2.878
245.000	9.800	63.845	9.800	60.890	2.955
250.000	10.000	65.695	10.000	62.663	3.032



Myndakvöld Hollandsfara

Gaman að hittast að nýju

Hlíf, Guðrún, Jón og Ólöf glöð að hittast.

Hollandsfarar hittust á myndakvöldi í lok nóvember.

Mjög góð þátttaka var og ríkti mikil gleði meðal ferðafólksins yfir að hittast að nýju. Allflestir komu með myndaalbúm frá ferðinni og sat fólk við að fletta þeim sér til skemmtunar. Þá var varpað upp myndum úr ferðinni á sýningartjald og var sú sýning látin ganga svo fólk gæti upplifað ævintýri ferðarinnar aftur.

Fólk lýsti almennt ánægju sinni með ferðina. Fannst mörgum að Beneluxlöndin kæmu verulega á óvart. Margt væri að sjá og gera í ferðinni þrátt fyrir hversu flatlent er á þessum slóðum.



Fróðleiksmolar

**Ertu að fá „jafnaðarlaun“
fyrir kvöldvinnu?**

Hverju er verið að jafna saman ef eingöngu er unnið á kvöldin og um helgar?
Kjarasamningar Eflingar gera ekki ráð
fyrir jafnaðarkaupi

MYNDLISTASKÓLINN
THE REYKJAVÍK SCHOOL OF ART

Í R E Y K J A V Í K
HRINGBRAUT 121 • 107 REYKJAVÍK • SÍMI 551 1990

	LESTI HJÓÐUR	FINN VIND	KRÖNN FÍNT VIND	TALN HATT VIND	RETT HATT VIND	RETT HATT VIND							
RETTI HATT VIND													
RETTI					2								
RETTI		5											
*		RETT HATT VIND											
RETTI							RETT HATT VIND	RETT HATT VIND	RETT HATT VIND	RETT HATT VIND	RETT HATT VIND	RETT HATT VIND	RETT HATT VIND
RETTI HATT VIND	+												
RETTI HATT VIND								11					
RETTI		12			RETT HATT VIND								
RETTI HATT VIND													
RETTI			RETT HATT VIND		3								
RETTI HATT VIND	+							RETT HATT VIND					
RETTI			RETT HATT VIND							RETT HATT VIND			
RETTI				5	RETT HATT VIND								
RETTI			RETT HATT VIND				7						
RETTI			RETT HATT VIND			RETT HATT VIND							
*		RETT HATT VIND	11					RETT HATT VIND				2	
*	L			→				→			*		
RETT HATT VIND						10			RETT HATT VIND				
*	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	*

Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum
 Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sætin 1 • 105 Reykjavík
 Svar þarf að berast fyrir 17. febrúar nk.



Svanhildur fékk vinninginn

Svanhildur Traustadóttir, starfsmaður í Seljahlíð er heppni vinningshafinn í krossgátunni í þetta sinn. Svanhildur er á leið til Bandaríkjanna í afmælisferð og kemur vinningurinn sér vel í þeirri ferð. Viktoría Jensdóttir afhenti vesturfaranum vinninginn á dögnum.

Lausn síðustu krossgátu



Parabakka 3 109 Reykjavík

Kennsla til allra ökuréttinda.
Fyrir bifhjól- létt bifhjól- og
almennit ökuþróf (B.réttindi).
Einnig kennsla fyrir ensku
og taflenskumælendi fólk !

Aukin ökuréttindi

Hægt að hefja nám alla miðvikudaga! (áfangakerfi).

Kennt á leigu- vöru- og höpibifreið
og vörubifreið með eftirvagn.

Frábærir og sérhæfðir kennarar
góðir kennslubílar, frábær kennsluáðstaða.
Námsgögn innifalín og verða eign nemenda.

Aukið við atvinnumöguleikana.

Lærið þar sem fagmennskan er í fyrnumi.

Athugið flest verkalyðsfélög styrkja
félagsmenn sína í námi til aukinna ökuréttinda,
þ.á.m. Efling - stéttarfélag.

Hringið eða komið og leitið upplýsinga.

Sími 567- 0300

E-mail: mjodd@bilprof.is



Ætlaðu aftur á námskeið?

Já, það máttu bóka!!!

- segir Oliver Þórisson

Oliver Þórisson, vaktstjóri á Olísstöðinni við Gullinbrú er einn þeirra fjölmörgu starfsmanna Olís sem hefur sótt námskeið tengd þessu verkefni. Hann sagði aðspurður að sér hefði reynst vel að byrja á sjálfsstyrkingar námskeiðinu. Þar fór ég í gegnum ákveðið ferli sem veitti mér aukið sjálfstraust og vilja til að læra meira. Það varð til þess að ég fór á

tölvunámskeið í ritvinnslu, og um leið lærði ég líka ýmislegt fleira á tölvuna og núna get ég varla slitið mig frá henni, þegar ég er heima á kvöldin.

Hefurðu hugsað þér að sækja fleiri námskeið á næstu önn?

Já, það máttu bóka, ég á t.d. eftir að læra fingrasetningu á tölvuborð í framhaldi af ritvinnslunámskeiðinu. Svo veit ég að það verða mörg, mjög áhugaverð námskeið í boði á næstu önn, en það sem ég hef mestan áhuga á eru námskeið um öryggismál, fjármál heimilanna og excel, það er mjög áhugavert. Ég hefði áhuga að fara á enskunámskeið til þess að vera betur undirbúinn að afgreiða erlenda ferðamenn sem koma á stöðinni. Ég held að framboðið í þessu símenntunarnámi sé það fjölbreytt að flestir starfsmenn á benínstöðvum ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Hvaða þýðingu hefur símenntun fyrir starfsfólk á bensínstöðvum og fyrirtækið sem það vinnur hjá?

Símenntun hefur margþætta þýðingu. Hún gefur fólki kost á að læra ýmislegt, sem annars hefði ekki staðið því til boða. Og ef starfsmenn eru duglegir að fara á námskeið, þá verða þeir hæfari í starfi og það gæti þýtt hærri laun, stöðuhækkun eða bara að honum liði miklu metur í vinnunni. Ég vil beina því til allra sem vinna á bensínstöðvum, sama hjá hvaða olíufélagi þeir starfa að þessi námskeið eru þáttakendum að kostnaðarlausu. Einnig vil ég benda á að olíufélögin greiða starfsmönnum laun þegar námið fer fram í vinnutíma, en við leggjum fram tíma okkar þegar námið fer fram á vaktafrí sagði Oliver að lokum.

Ég held að framboðið í þessu símenntunarnámi sé það fjölbreytt að flestir starfsmenn á benínstöðvum ættu að finna eitthvað við sitt hæfi



Markvið símenntun hefur farið fram frá hausti 2001 meðal Eflingarfélaga sem starfa hjá olíufélögunum Olís, Esso og Skeljungi. Þetta fræðslustarf hefur farið fram í samvinnu við Starfsafl starfsmenntasjóð Eflingar og olíufélögin.

Þáttaka Eflingar félaga hefur verið góð og hafa á annað hundrað starfsmenn nýtt sér þetta tækisferi til að hefja símenntun. Námskeiðavalið hefur verið fjölbreytt, tölvunámskeiðin hafa verið mjög vel sótt, einnig námskeið sem eru starfstengd t.d. námskeið um bílinn. Fjórða önnin fer af stað í byrjun febrúar og ættu sem flestir að finna námskeið við hæfi. Bæklingur með öllum upplýsingum er dreift á allar þjónustustöðvar og er því auðvelt fyrir félagsmenn að nálgast nauðsynlegar upplýsingar um námskeiðin.

BÓN- OG ÞVOTTASTÖÐIN

Sóltúni 3
Sími 551 4820

Tölvunámskeið 2003

www.tv.is

Almenn tölvunámskeið

Við bjóðum meira en 40 styttri námskeið fyrir byrjendur og lengra komna.

Meðal helstu námskeiða eru:

- Tölvugrunnur, Windows, Internetið, Tölvupóstur og Outlook
- Word I og II, Excel I, II og III, PowerPoint I og II, Access I og II
- Vefsíðagerð I og II, Photoshop, Freehand, Visio og Publisher
- FileMaker I og II og StarOffice
- Námskeið fyrir 10-16 ára ungmennt

Lengd: Frá 4 - 45 stundir/3-30 klukkust.

Tímar: 9-12, 13-16, 16:15-19:15 og 19:30-22:30 (mism. eftir námsk.)

Kerfisfræði TV

Mjög vandað tveggja anna diplómnám sniðið að þeim kröfum sem gerðar eru til starfsmanna sem eiga að sjá um rekstur og viðhald upplýsingakerfa, þjónustu við notendur, kerfisgreiningu, innkaup tölvu-kerfa og hugbúnaðargerð.

Helstu kennslugreinar:

- Umsjón og rekstur Windows
- Kerfisgreining og hönnun, Access, Visual Basic og VBA forritun
- Uppsetning og rekstur Windows 2000 tölvuneta og Internetþjóna
- Gerð, viðhald og rekstur vefja
- Office forritin
- Val á búnaði og innkaup
- Lokaverkefni, metið til einkunnar

Prófað er í öllum greinum.

Lengd: 450 stundir/300 klukkust.

Tímar: 2svar í viku, kl. 16:15-19:15 eða 19:30-22:30 + 1 laugardagur í mánuði. Janúar 2003 - des. 2003

Tölvunám byrjendur

Frábært námskeið fyrir þá sem hafa lítila reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum.

Helstu kennslugreinar:

- Windows stýrikerfið
- Office forritin, Word I, Excel I, PowerPoint I, og Outlook
- Internetið frá A-D

Lengd: 84 stundir/57 klukkust.

Tímar: 9:00-12:00 eða 13:00-16:00 eða 16:15-19:15 eða 19:30-22:30

Alþjóðlegt mat á þekkingu

Í samvinnu við Microsoft ím, VUE og Skýrskutæknið íslenska getum við prófað og gefið út alþjóðlega vottun á tölvuþekkingu:

- Microsoft Office Specialist
- TÖK - Evrópskið tölvuþekkingu
- Fagvottun hjá tugum alþjóðlegra fyrirtækja m. a. Microsoft og Cisco

Bættu stöðu þína með alþjóðlegu þekkingavottorði!

Vefsíðagerð grunnur

Vandað námskeið fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á vefsíðagerð sér til gagns og gamans.

Helstu kennslugreinar:

- Vefsíðagerð með FrontPage
- Tenging vefja við gagnagrunna
- (Photoshop, grafík og ljósmyndir)

Lengd: 57 stundir/39 klukkust (án Photoshop) 79 stundir/54 klukkust. (með Photoshop)

Tímar: 9:00-12:00 eða 13:00-16:00 eða 16:15-19:15 eða 19:30-22:30

Vefsmíði og vefhönnun

Mjög skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja ná þeim fæmi sem þarf til þess að vinna við vefsíðagerð og hönnun vefja. Námið er góður grunnur undir frekara nám og þekkingaröflun á þessu sviði.

Helstu kennslugreinar:

- Vefsíðagerð með FrontPage
- ASP og HTML forritun vefja
- Tenging vefja við gagnagrunna
- Notkun JavaScript eininga
- Photoshop, grafík og ljósmyndir

Lokaverkefni unnið samhliða námi.

Lengd: 126 stundir/84 klukkust.

Tímar: 2svar í viku, kl. 16:15-19:15

Forritun Visual Basic

Hnitmiðað og yfirgrípsmikið nám ætlað þeim sem vilja læra forritun með þessu vinsæla forritunarmáli.

Kraftur er góður þekkingar á tölvuforritum og tölvum til þess að þátttakandinn nái árangri í náminu.

Góður grunnur að frekara námi í forritun!

Helstu kennslugreinar:

- Hlutbundin og atburðatengd forritun
- Gagnagrunnstengingar og Windows tengingar (API)
- VBA forritun í Excel og Access

Lengd: 120 stundir/81 klukkust.

Tímar: 2svar í viku, kl. 16:15-19:15 eða 19:30-22:30

Netumrjón MCP

Þetta gæisvinsæla námskeið er sniðið að þörfum þeirra sem vilja sjá um netrekstur í fyrirtækjum eða skapa sér ný tækifæri á vinnumarkaði.

Helstu kennslugreinar:

- Netfræði, TCP/IP o.fl.
- Windows 2000 Professional MCP
- Windows XP Professional kynning
- Windows 2000 Server MCP

Nemendur geta tekið Microsoft Certified Professional (MCP) próf að loknu námi og er eitt próf innifalið í þátttökgjaldinu.

Lengd: 120 stundir/81 klukkust.

Tímar: 2svar í viku, kl. 16:15-19:15, alls 27 skipti eða fjórar vikur frá kl. 9:00-12:00 eða 13:00-16:00

Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gagn, ætlað þeim konum sem vilja ná fæmi í notkun tölvu við margvisleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

Námskeiðið heitar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur og Windows
- Ritvinnsla Word, töflureiknir Excel
- Internetið og tölvupóstur

Lengd: 60 stundir/40 klukkust.

Tímar: Tvisvar í viku 9:00-12:00 eða 19:30-22:30, alls 14 skipti

Skrifstofu- og rekstrarnám

Hnitmiðað og yfirgrípsmikið nám ætlað þeim sem vilja öðlast góða þekkingu á skrifstofustörfum og notkun nýjustu tölvu- og skrifstofutækni.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvunotkun við öll skrifstofustörf
- Bókhalð, fjármál, rafræn viðskipti
- Sala, markaðsmál, auglýsingar
- Þæklingar, fundir, skýrslur og tækni
- Áætlanagerð og tímastjórnun

Lengd: 450 stundir/300 klukkust.

Tímar: Tvær annir, kennt kl. 9:00-12:00, 13:00-16:00 eða 19:30-22:30

Tölvuumrjón alhliða tölvunám

Eitt vinsælasta nám okkar frá upphafi, sniðið að þörfum þeirra sem vilja fá mikla þekkingu og yfirsýn yfir möguleika einkatölvunnar í rekstri og hagnýtingu nýjustu tækni.

Helstu kennslugreinar:

- Windows stýrikerfið og tölvunet
- Office forritin, Word, Excel, Access, PowerPoint, og Outlook
- Vefsíðagerð með FrontPage
- Umbrot og útgáfa með Publisher

Lengd: 140 stundir/96 klukkust.

Tímar: 2svar í viku, kl. 9:00-12:00 eða 19:30-22:30, alls 32 skipti.

Alíðlætur og endurgreiðsla


Félagsmenn Eflingar njóta eftirfarandi afsláttar frá listaverði hjá okkur:

- Allt að 18 kist15%
- 19 til 30 kist10%
- Lengri en 30 kist5%

Félagsmenn sem rétt eiga geta svo fengið **allt að 75%** eftirstöðvanna endurgreiddan frá starfsmenntasjóði.

Námslýsingar og stundatafla á vef okkar: www.tv.is

Grunnavegi 18
108 Reykjavík
Síni: 520 9000
Netfang: tv@tv.is
Vefur: www.tv.is



Tölvu- og verkfræðipjónustan

Tölvuskóli Halldóra Kristjánssonar

Þú ert
stærri
hjá okkur.



Sérhver

viðskiptavinur og allt, sem tengist fjármálum hans, hefur meira vægi hjá SPV en hjá stórum fjármálastofnunum. Þjónusta SPV er alhliða og fagleg og byggir á persónulegri þekkingu á öskum og þörfum hvers viðskiptavinar.

Við stöndum þétt við bakið á viðskiptavinum okkar því velgengni þeirra skiptir okkur öllu máli. Styrkur okkar er traust og örugg fjármálaþjónusta sem þú getur nýtt þér til vaxtar.

Verið velkomin í afgreiðslustaði okkar í Borgartúni 18, Hraunbæ 119 og Síðumúla 1, eða fáið upplýsingar í síma 5754100 og á heimasíðu ykkar, sem er www.spv.is



spv
Sparisjóður
vélstjóra